

	<b>I EES-STOFNANIR</b>	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/25/01	Áákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 254/09/COL frá 10. júní 2009 um sjötugustu og fyrstu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð . . . . .	1
	3. EFTA-dómstóllinn	
2011/EES/25/02	Kæra VTM Fundmanagement AG gegn Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 9. mars 2011 (Mál E-6/11) . . . . .	19
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/25/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5900 – LGI/KBW) . . . . .	20
2011/EES/25/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6148 – BMW/SIXT/DriveNow JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	21
2011/EES/25/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6163 – AXA/Permira/Opodo/GO Voyages/eDreams) . . . . .	22
2011/EES/25/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6203 – Western Digital Ireland, Ltd/Viviti Technologies Ltd) . . . . .	23
2011/EES/25/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6209 – PAI/Kiloutou) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	24
2011/EES/25/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6214 – Seagate Technology/The HDD Business of Samsung Electronics) . . . . .	25
2011/EES/25/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6215 – Sun Capital/Polestar UK Print Limited) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	26

<b>2011/EES/25/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6219 – Advent International Corporation/Provimi Pet Food Business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð. . . . .	27
<b>2011/EES/25/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5927 – BASF/Cognis) . . . . .	28
<b>2011/EES/25/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6059 – Norbert Dentressangle/Laxey Logistics). . . . .	28
<b>2011/EES/25/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6083 – Fiat/GM/VM Motori JV). . . . .	29
<b>2011/EES/25/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6085 – Costa Crociere/Alpitour/Welcome JV) . . . . .	29
<b>2011/EES/25/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6112 – Good Energies/NEIF/NewCo). . . . .	30
<b>2011/EES/25/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6119 – Arla/Hansa) . . . . .	30
<b>2011/EES/25/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6128 – Blackstone/Mivisa) . . . . .	31
<b>2011/EES/25/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6144 – Giesecke & Devrient/Wincor Nixdorf International/ BEB Industrie-Elektronik) . . . . .	31
<b>2011/EES/25/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6159 –Warburg Pincus/Vestar/Triton Container International). . . . .	32
<b>2011/EES/25/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6161 – Clariant/Süd-Chemie) . . . . .	32
<b>2011/EES/25/21</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6174 – Atlas/Sunlight/Advanced Lithium Systems Europe JV). . . . .	33
<b>2011/EES/25/22</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6182 – MAN/MAN Camions et Bus/MAN Truck & Bus Belgium) . . . .	33
<b>2011/EES/25/23</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6202 – Samsung LED/Sumitomo Chemical/JV). . . . .	34
<b>2011/EES/25/24</b>	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. maí 2011 . . . . .	34
<b>2011/EES/25/25</b>	MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Auglýst eftir tillögum – EACEA/01/11 – Styrkir til að dreifa evrópskum kvikmyndum milli landa – „Sjálfvirkt“ kerfi 2011. . . . .	35
<b>2011/EES/25/26</b>	MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Auglýst eftir tillögum – EACEA/03/11 – Styrkir til að dreifa evrópskum kvikmyndum milli landa – „Söluumboðakerfi“ 2011. . . . .	36
<b>2011/EES/25/27</b>	MEDIA 2007 – Auglýst eftir tillögum – EACEA/05/11 – Stuðningur við tilraunaverkefni . . . . .	37

<b>2011/EES/25/28</b>	MEDIA 2007 – Auglýst eftir tillögum – EACEA/06/11 – Stuðningur við starfsemi á sviði pöntunarsjónvarps og dreifingar stafræns kvikmyndaefnis. . . . .	38
<b>2011/EES/25/29</b>	Auglýst eftir tillögum – EACEA/14/11 – MEDIA 2007 – Kynning/aðgangur að mörkuðum . . . . .	39
<b>2011/EES/25/30</b>	Orðsending efnahags-, landbúnaðar- og nýsköpunarráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (Leitarsvæði M2). . . . .	40
<b>2011/EES/25/31</b>	Orðsending efnahags-, landbúnaðar- og nýsköpunarráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (Leitarsvæði F9) . . . . .	41
<b>2011/EES/25/32</b>	Orðsending efnahags-, landbúnaðar- og nýsköpunarráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (Leitarsvæði F1) . . . . .	42
<b>2011/EES/25/33</b>	Orðsending efnahags-, landbúnaðar- og nýsköpunarráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (Leitarsvæði E3) . . . . .	43
<b>2011/EES/25/34</b>	Tilkynning frá stjórnvöldum í Ungverjalandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni . . . . .	44
<b>2011/EES/25/35</b>	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum frá 1. janúar 2011 til 28. febrúar 2011 . . . . .	44
<b>2011/EES/25/36</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki . . . . .	45

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA  
254/09/COL

2011/EES/25/01

frá 10. júní 2009

**um sjötugustu og fyrstu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN <sup>(1)</sup>,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(2)</sup>, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(3)</sup>, einkum ákvæða 24. gr. og staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr.,

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflíð b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Minnt er á málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 <sup>(4)</sup>,

Hinn 25. febrúar 2009 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna („framkvæmdastjórnin“ í því sem hér fer á eftir) auglýsingu um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð <sup>(5)</sup>,

Sú auglýsing varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Minnt er á að Eftirlitsstofnun EFTA kallaði eftir umsögnum stjórnvalda í EFTA-ríkjunum með bréfi dagsettu 22. apríl 2009.

<sup>(1)</sup> [Á ekki við í íslenska textanum.]

<sup>(2)</sup> „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(3)</sup> „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(4)</sup> Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. Breytingar urðu síðast á reglunum 22. apríl 2009. „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrætt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð (á ensku) er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.efasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>

<sup>(5)</sup> Sjá Stjtið. ESB C 85, 9.4.2009, bls. 1.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð breytast þannig að við bætist nýr kafli um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð. Nýi kafli er birtur í viðauka við ákvörðun þessa.

*2. gr.*

Eldri kafli með fyrirsögninni „Samstarf innlendra dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar“ fellur brott.

*3. gr.*

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 10. júní 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA.

**Per Sanderud**

*Forseti*

**Kurt Jaeger**

*Stjórnarmaður*

## VIÐAUKI

**Hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð<sup>(1)</sup>****INNGANGUR**

1. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur birt auglýsingu um hlutverk dómstóla í aðildarríkjum EB í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð<sup>(2)</sup>. Sú stjórnvaldsákvörðun er ekki bindandi en hefur að geyma meginsjónarmið og reglur sem framkvæmdastjórnin styðst við á sviði ríkisaðstoðarmála. Þar er einnig fjallað um fyrirhugaða tilhögun samstarfs milli framkvæmdastjórnarinnar og dómstóla í aðildarríkjum EB.
2. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að ofangreind auglýsing varði Evrópska efnahagssvæðið. Kaflinn, sem hér birtist, er gefinn út í því skyni að viðhalda jafngildum samkeppnisráðgjafum og tryggja að samkeppnisreglum EES-samningsins sé beitt með sama hætti á öllum Evrópska efnahagssvæðinu, að teknu fullu tilliti til sjálftæðis landsdómstóla í EFTA-ríkjunum.
3. Eftirlitsstofnun EFTA er staðráðin að taka ákvæðna afstöðu gegn ríkisaðstoð sem er ólögmat og ósamrýmanleg ákvæðum EES-samningsins. Þó að tiltölulega lítið hafi verið um það til þessa að einkamál væru höfðuð fyrir landsdómstólum til eiginlegrar framfylgdar löggjafar um ríkisaðstoð lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að einkamál, sem höfðuð eru í þessu skyni, geti verið til mikils framdráttar fyrir framkvæmd ríkisaðstoðarreglna. Með málarekstri fyrir landsdómstólum geta þriðju aðilar, milliliðalaust og á landsvettvangi, tekist á um og leyst ýmis álitamál á sviði ríkisaðstoðar. Þá geta stefnendur fengið úrlausn sinna mála með mjög skilvirkum hætti fyrir landsdómstólum ef ríkisaðstoðarreglur hafa verið brotnar. Slík framkvæmd getur svo stuðlað að agaðra eftirliti með ríkisaðstoð í heild.
4. Helsti tilgangur kaflans, sem hér birtist, er að gera landsdómstólum og þriðju aðilum grein fyrir úrræðum sem grípa má til þegar ríkisaðstoðarreglur eru brotnar og leiðbeina þeim um beitingu þessara reglna. Eftirlitsstofnun EFTA hyggst jafnframt efla samstarfið við landsdómstóla með því að koma upp hentugri aðferðum til að liðsinna dómurum þar við dagleg störf sín.
5. Þessi kafli er gefinn út í stað áðurgildandi kafla í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð með fyrirsögninni „Samstarf innlendra dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar“<sup>(3)</sup> og með fyrirvara um túlkun EFTA-dómstólsins á EES-samningnum og gildandi stjórnsýsluákvæðum.

**1 Hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna****1.1 Almenn atriði****1.1.1 Úrskurðir um hvað telst ríkisaðstoð**

6. Fyrsta atriðið, sem landsdómstólar og hugsanlegir stefnendur þurfa að leysa úr, er hvort ráðstöfunin, sem deilt er um, hefur í raun í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins.
7. Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins gilda um „*hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara [...] að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila*“.
8. Hugtakið ríkisaðstoð er ekki bundið við styrki<sup>(4)</sup>. Undir það falla einnig aðrir þættir, svo sem skattaívilnanir og fjárfestingar með opinberu fé við aðstæður sem eru með þeim hætti að einkafjárfestir hefði ekki hætt fjármunum sínum<sup>(5)</sup>. Í þessu tilliti skiptir engu hvort aðstoðin er á vegum ríkisins beint eða opinberra eða einkarekinna stofnana sem ríkið hefur sett á fót eða skipað til að sjá um aðstoðina<sup>(6)</sup>. Til þess að stuðningur hins opinbera geti talist ríkisaðstoð verður hann þó að felast í aðstoð sem ívilnar ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara (skilyrðið um að aðstoð sé „sértæk“) en ekki almennum ráðstöfunum sem ákvæði

(1) Kaflinn, sem hér birtist, samsvarar auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð (Stjtið. ESB C 85, 9.4.2009, bls. 1) og kemur í stað áðurgildandi kafla leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA með fyrirsögninni „Samstarf innlendra dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar“ (Stjtið. EB L 274, 26.10.2000, bls. 19, og EES-viðbætur nr. 48, 26.10.2000, bls. 33).

(2) Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð (Stjtið. ESB C 85, 9.4.2009, bls. 1).

(3) Sá kafli samsvaraði auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um samstarf landsdómstóla og framkvæmdastjórnarinnar á sviði ríkisaðstoðar (Stjtið. EB C 312, 23.11.1995, bls. 8) og var í honum gerð grein fyrir tilhögun vegna samstarfs og upplýsingaskipta milli Eftirlitsstofnunar EFTA og landsdómstóla.

(4) Mál C-308/01 *GIL Insurance o.fl.*, dómasafn 2004, bls. I-4777, 69. mgr., mál C-387/92 *Banco Exterior de España gegn Ayuntamiento de Valencia*, dómasafn 1994, bls. I-877, 13. mgr., mál C-295/97 *Piaggio*, dómasafn 1999, bls. I-3735, 34. mgr., mál C-39/94 *SFEI*, 58. mgr., mál C-237/04 *Enirisorse*, dómasafn 2006, bls. I-2843, 42. mgr., og mál C-66/02 *Iðalska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2005, bls. I-10901, 77. mgr.

(5) Sbr. álit Jacobs lögsögumanns í sameinuðum málum C-278/92, C-279/92 og C-280/92 *Spænska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1994, bls. I-4103, 28. mgr.: „Ríkisaðstoð telst veitt hvenær sem stjórnvöld í aðildarríki láta af hendi við fyrirtæki fjármuni sem við venjulegar aðstæður hefði ekki verið unnt að afla frá einkafjárfesti sem byggt hefði á eðlilegum viðskiptaforsendum og horft framhjá öðrum hagsmunum, svo sem á sviði félagsmála, stjórnmála eða mannúðarmála.“

(6) Mál C-290/83 *Framkvæmdastjórn gegn franska ríkinu*, dómasafn 1985, bls. 439, 14. mgr., og mál C-482/99 *Franska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2002, bls. I-4397, 36.–42. mgr.

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins taka ekki til (7). Jafnframt verður aðstoðin að raska, eða vera til þess fallin að raska, samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins (8).

9. Í dómafrankvæmd EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópubandalagsins (9) og ákvörðunum bæði Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna hefur oft verið fjallað um hvort tiltekna ráðstafanir teljist ríkisaðstoð. Þá hefur Eftirlitsstofnun EFTA gefið út ítarlegar leiðbeiningar um ýmis flókin atriði, svo sem hvernig beita skuli einkafjárfestareglunni (10) og einkalánveitendareglunni (11), við hvaða aðstæður líta verður svo á að ríkisábyrgð hafi í för með sér ríkisaðstoð (12), hvernig fara skuli með sölu hins opinbera á landi og lóðum (13), útflutningslánatryggingar (14), beina skattlagningu fyrirtækja (15), áhættufjárfestingar (16) og aðstoð til rannsóka, þróunar og nýsköpunar (17). Þá hefur reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um aðstoð sem er nógu lítil að umfangi til að teljast minniháttaraðstoð (18) verið felld inn í EES-samninginn. Landsdómstólar og hugsanlegir stefnendur í dómsmáli geta við túlkun hugtaksins ríkisaðstoð haft mikið gagn af dómafrankvæmd EFTA-dómstólsins og Evrópu dómstólsins, leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA og venjum sem skapast hafa um ákvarðanir.
10. Þegar vafi þykir leika á því hvað telja beri ríkisaðstoð geta landsdómstólar leitað álits stofnunarinnar í samræmi við 2. undirkafla hér á eftir. Þetta skerðir ekki rétt landsdómstóls til að bera málið undir EFTA-dómstólinn með því að fara fram á ráðgefandi álit í samræmi við 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

(7) Þessi greinar munur er skýrður vel í áliti Darmons lögsögumanns í sameinuðum málum C-72/91 og C-73/91 *Sloman Neptun gegn Bodo Ziesemer*, dómasafn 1993, bls. I-887. Sjá einnig sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnjörð o.fl. gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, skýrsla EFTA-dómstólsins 2005, bls. 121, 76.–87. mgr., og mál E-6/98 *Norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA* skýrsla EFTA-dómstólsins 1999, bls. 74, 33.–38. mgr.

(8) Sjá sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnjörð o.fl. gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, 93.–102. mgr. Sjá einnig sameinuð mál C-393/04 og C-41/05 *Air Liquide Industries Belgium*, dómasafn 2006, bls. I-5293, 33.–36. mgr., mál C-222/04 *Cassa di Risparmio de Firenze o.fl.*, dómasafn 2006, bls. I-289, 139.–141. mgr., og mál C-310/99 *Ítalska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2002, bls. I-2289, 84.–86. mgr.

(9) Gott dæmi er *Altmark*-dómur Evrópu dómstólsins, mál C-280/00 *Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg gegn Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH*, dómasafn 2003, bls. I-7747. Sjá einnig, til að mynda, mál E-6/98 *Norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA* og sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnjörð o.fl. gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, 76–87. mgr.

(10) Um einkafjárfestaregluna almennt sjá mál C-142/87 *Belgíska ríkið gegn framkvæmdastjórn (Tubemeuse)*, dómasafn 1990, bls. I-959, og mál C-305/89 *Ítalska ríkið gegn framkvæmdastjórn (Alfa Romeo)*, dómasafn 1991, bls. I-1603, 19. og 20. mgr. Um ítarlega röksemdafærslu sjá sameinuð mál T-228/99 og T-233/99 *Westdeutsche Landesbank Girozentrale gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2003, bls. II-435, 245. mgr. og áfram. Sjá einnig leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, kaflann um eignarhluta hins opinbera (Stjtið. ESB L 231, 3.9.1994, bls. 1, EES-viðbætur nr. 32, 3.9.1994, bls. 1). Reglur þess kafla eru byggðar á Fréttabréfi EB 9-1984 um beitingu [þáverandi] 92. og 93. gr. EBE-sáttmálans gagnvart eignarhlutum hins opinbera (Fréttabréf Evrópubandalaganna nr. 9-1984) sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá 9. lið XV. viðauka. Sjá einnig leiðbeinandi reglur stofnunarinnar um ríkisaðstoð, kaflann „Beiting ákvæða um ríkisaðstoð gagnvart opinberum fyrirtækjum í framleiðslugeiranum“ (Stjtið. EB L 231, 3.9.1994, bls. 1, EES-viðbætur nr. 32, 3.9.1994, bls. 1). Kaflinn samsvarar orðsögu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu [þáverandi] 92. og 93. gr. EBE-sáttmálans og 5. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE gagnvart opinberum fyrirtækjum í framleiðsluáætlun (Stjtið. EB C 307, 13.11.1993, bls. 3). Um beitingu þessarar reglu í tengslum við fjármögnun flugvallanna, sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, kaflann um fjármögnun flugvallanna og aðstoð vegna nýrra leiða sem er veitt flugfélögum með starfsemi á héraðsflugvöllum (Stjtið. EB L 62, 6.3.2008, bls. 30, EES-viðbætur nr. 12, 6.3.2008, bls. 3). Kaflinn samsvarar leiðbeinandi EB-leiðbeiningum um fjármögnun flugvallanna og stofnfjáradstoð sem veitt er flugfélögum sem fljúga frá héraðsflugvöllum (Stjtið. ESB C 312, 9.12.2005, 42.–52. mgr., bls. 1).

(11) Mál C-342/96 *Spænska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1999, bls. I-2459, 34. mgr., og mál C-256/97 *DM Transport*, dómasafn 1999, bls. I-3913, 25. mgr.

(12) Leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, kaflinn um ríkisábyrgðir (Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32, og EES-viðbætur nr. 23, 21.4.2011, bls. 1). Kaflinn samsvarar auglýsingu framkvæmdastjórnar EB um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð sem er veitt sem ábyrgðir (Stjtið. ESB C 155, 20.6.2008, bls. 10).

(13) Leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, kaflinn um ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum (Stjtið. EB L 137, 8.6.2000, bls. 28, EES-viðbætur nr. 26, 8.6.2000, bls. 19). Kaflinn samsvarar orðsögu framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum (Stjtið. EB C 209, 10.7.1997, bls. 3).

(14) Leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, kaflinn um útflutningslánatryggingar til skamms tíma (Stjtið. EB L 120, 23.4.1998, bls. 27, EES-viðbætur nr. 16, 23.4.1998, bls. 1), með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar 95/06/COL (Stjtið. ESB L 324, 23.11.2006, bls. 38, EES-viðbætur nr. 57, 23.11.2006, bls. 28). Kaflinn samsvarar orðsögu framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkja samkvæmt [1. mgr. 93. gr.] EB-sáttmálans varðandi beitingu [92.] og [93.] gr. EB-sáttmálans í tengslum við skammtímatryggingar vegna útflutningslána (Stjtið. EB C 281, 17.9.1997, bls. 4), með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt orðsögu framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkja um breytingu á orðsögu samkvæmt [1. mgr. 93. gr.] EB-sáttmálans varðandi beitingu [92.] og [93.] gr. EB-sáttmálans í tengslum við skammtímatryggingar vegna útflutningslána (Stjtið. ESB C 325, 22.12.2005, bls. 22).

(15) Leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, kaflinn um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart ráðstöfunum varðandi beina skattlagningu fyrirtækja (Stjtið. EB L 137, 8.6.2000, bls. 20, EES-viðbætur nr. 26, 8.6.2000, bls. 10). Kaflinn samsvarar auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart ráðstöfunum varðandi beina skattlagningu fyrirtækja (Stjtið. EB C 384, 10.12.1998, bls. 3).

(16) Leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, kaflinn um ríkisaðstoð sem veitt er til að örva áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 184, 16.7.2009, bls. 18, EES-viðbætur nr. 38, 16.7.2009, bls. 1). Kaflinn er byggður á leiðbeinandi EB-reglum um ríkisaðstoð sem veitt er til að yta undir áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtið. ESB C 194, 18.8.2006, bls. 2).

(17) Leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, kaflinn um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar (Stjtið. ESB L 305, 19.11.2009, bls. 1, EES-viðbætur nr. 60, 19.11.2009, bls. 1). Kaflinn samsvarar rammaáætlun Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar (Stjtið. ESB C 323, 30.12.2006, bls. 1).

(18) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1998/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans varðandi [sic] minniháttaraðstoð (Stjtið. EB L 379, 28.12.2006, bls. 5), sem var felld inn í EES-samninginn, lið 1e í XV. viðauka, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2007 (Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 52, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 34).

## 1.1.2 Stöðvunarákvæði

11. Samkvæmt síðasta málslið 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ber stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum að leita samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA áður en ríkisaðstoð er veitt (stöðvunarákvæði):

„Tilkynna skal [Eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. Telji hún að slík áætlun samræmist ekki framkvæmd EES-samningsins með tilliti til 61. gr. EES-samningsins skal hún tafarlaust hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. Hlutað-eigandi EFTA-ríki ber að fresta hinum fyrirhuguðu ráðstöfunum þar til meðferð málsins lýkur með endanlegri ákvörðun.“<sup>(19)</sup>

12. Á hinn bóginn má við ýmsar aðstæður koma ríkisaðstoð til framkvæmda á lögmætán hátt, án þess að leita þurfi samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA fyrirfram:
- Þetta á við þegar viðkomandi ráðstöfun fellur undir reglugerð um almenna hópundanþágu<sup>(20)</sup>. Ef ráðstöfun fullnægir öllum skilyrðum reglugerðar um almenna hópundanþágu leysir það stjórnvöld í viðkomandi EFTA-ríki undan þeirri skyldu að tilkynna hina fyrirhuguðu aðstoðarráðstöfun og stöðvunarákvæðið á þá ekki við.
  - Á sama hátt er yfirstandandi aðstoð<sup>(21)</sup> undanþegin stöðvunarákvæðinu. Undir þetta fellur meðal annars aðstoð sem veitt hefur verið samkvæmt aðstoðarkerfi sem var til þegar viðkomandi EFTA-ríki öðlaðist aðild að EES-samningnum eða kerfi sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar heimilað<sup>(22)</sup>.
13. Mál, sem rekin eru fyrir landsdómstólum og varða ríkisaðstoð, geta í sumum tilvikum snúist um hvort við eigi ákvæði reglugerðar um almenna hópundanþágu og/eða reglur aðstoðarkerfis, sem var til áður en EES-samningurinn öðlaðist gildi eða Eftirlitsstofnun EFTA hafði heimilað. Þegar tekist er á um hvort ákvæði reglugerðarinnar eða aðstoðarkerfis skuli gilda getur landsdómstóll aðeins metið hvort öllum skilyrðum reglugerðarinnar eða kerfisins hefur verið fullnægt. Þegar svo er ekki getur dómstóllinn ekki metið hvort viðkomandi aðstoðarráðstöfun er samrýmanleg gildandi reglum þar eð umboð til mats af því tagi er í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA einnar<sup>(23)</sup>.
14. Ef landsdómstóll telur nauðsynlegt að skera úr um hvort tiltekin ráðstöfun fellur undir heimilað aðstoðarkerfi getur mat hans á því aðeins tekið til þess hvort fullnægt hafi verið öllum skilyrðum ákvörðunar um að heimila kerfið. Ef málsatriði, sem eru til umfjöllunar á landssvettvangi, snúast um það hvort tiltekin ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA eigi við ber landsdómstólum að beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(24)</sup>. Sú leið að leita eftir ráðgefandi áliti um hvort undirliggjandi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA skuli gilda er hins vegar ekki lengur fær þegar þannig stendur á að stefnandi hefði án nokkurs vafa getað höfðað mál fyrir EFTA-dómstólum til ógildingar á ákvörðuninni samkvæmt 36. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, en lét það undir höfuð leggjast<sup>(25)</sup>.
15. Landsdómstóllinn getur leitað álits Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 2. undirkafla hér á eftir ef vafi telst leika á hvort við eigi ákvæði reglugerðar um almenna hópundanþágu eða aðstoðarkerfis sem var til áður en EES-samningurinn öðlaðist gildi eða hefur verið heimilað.

<sup>(19)</sup> Stöðvunarákvæðið er ítrekað í 3. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem endurspeglar reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu [93.] gr. EB-sáttmálsins (Stjtið. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1) („málsmeðferðarreglugerðina“). Þá var reglugerð (EB) nr. 659/1999 felld inn í bókun 26 við EES-samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001 (Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 46, EES-viðbætur nr. 13, 7.3.2002, bls. 26). Að því er varðar það atriði hvenær aðstoðin telst hafa verið veitt sjá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1998/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálsins varðandi [sic] minniháttaraðstoð (Stjtið. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 5), 10. lið aðfararorðanna. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn, lið 1ea í XV. viðauka, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2007 (Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 52, EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 34).

<sup>(20)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálsins (Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3), sem var felld inn í EES-samninginn, lið 1j í XV. viðauka, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2008 (Stjtið. EB L 339, 18.12.2008, bls. 111, EES-viðbætur nr. 79, 18.12.2008, bls. 20). Í 44. gr. reglugerðarinnar er að finna ákvæði um hvernig staðið skuli að upptöku nýja kerfisins. Reglugerð um almenna hópundanþágu leysti af hölmi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálsins gagnvart aðstoð til menntunar (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálsins gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2204/2002 frá 12. desember 2002 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálsins gagnvart ríkisaðstoð til eflingar atvinnu (Stjtið. ESB L 337, 13.12.2002, bls. 3) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 frá 24. október 2006 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálsins gagnvart innlendi, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð (Stjtið. ESB L 302, 1.11.2006, bls. 29).

<sup>(21)</sup> Sjá stafl. b) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

<sup>(22)</sup> Sú undanþága gildir ekki ef mælt er fyrir því í reglum kerfisins sjálfis að tilkynna skuli sérstaklega veitingu tiltekinna tegunda aðstoðar. Um hugtakið yfirstandandi aðstoð sjá einnig mál C-44/93 *Namur-Les assurances du crédit* gegn *Office national du ducroire og belgiska ríkinu*, dómasafn 1994, bls. I-3829, 28.–34. mgr., og sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnjörð o.fl. gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, 157. mgr.

<sup>(23)</sup> Sjá 17. mgr.

<sup>(24)</sup> Að því er varðar ákvarðanir um endurgreiðslu aðstoðar sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, 53.–57. mgr. kaflans um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólöglegt og ósamrýmanleg ákvæðum EES-samningsins.

<sup>(25)</sup> Mál C-188/92 *TWD Textilwerke Deggendorf gegn Þýska ríkinu*, dómasafn 1994, bls. I-833, 17., 25. og 26. mgr., sjá einnig sameinuð mál C-346/03 og C-529/03 *Atzeni o.fl.*, dómasafn 2006, bls. I-1875, 31. mgr., og mál C-232/05 *Framkvæmdastjórn gegn franska ríkinu* („Scott“), dómasafn 2006, bls. I-10071, 59. mgr.



### 1.1.3 Hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA annars vegar og landsdómstóla hins vegar

16. Bæði landsdómstólar og Eftirlitsstofnun EFTA hafa grundvallarhlutverki að gegna í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna, þótt með ólíkum hætti sé <sup>(26)</sup>.
17. Eftirlitsstofnun EFTA hefur fyrst og fremst það hlutverk að rannsaka hvort fyrirhugaðar aðstoðarráðstafanir samrýmast framkvæmd EES-samningsins með vísan til viðmiðanna sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 61. gr. samningsins. Þetta samrýmanleikamat er í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA einnar, með fyrirvara um úrskurði EFTA-dómstólsins. Landsdómstólar hafa ekki heimild til að lýsa ráðstöfun á sviði ríkisaðstoðar samrýmanlega 2. eða 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins <sup>(27)</sup>.
18. Hlutverk landsdómstólsins ræðst af því hvers eðlis aðstoðarráðstöfunin er og hvort hún hefur verið tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA á réttan hátt og verið heimiluð í kjölfar þess:
- Til þess getur komið að landsdómstólar séu beðnir að úrskurða í málum þar sem stjórnvöld í EFTA-ríki <sup>(28)</sup> hafa veitt aðstoð án þess að virða stöðvunarákvæðið. Þetta getur gerst þegar aðstoðin er alls ekki tilkynnt eða þegar stjórnvöld í landinu koma henni til framkvæmda áður en heimild Eftirlitsstofnunar EFTA er fengin. Í slíkum tilvikum er hlutverk landsdómstóla að standa vörð um rétt þeirra einstaklinga sem ólögmet framkvæmd aðstoðarinnar hefur bitnað á <sup>(29)</sup>.
  - Landsdómstólar hafa einnig mikilvægu hlutverki að gegna í tengslum við framfylgd endurgreiðsluákvæðana sem teknar eru samkvæmt 1. mgr. 14. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól þegar mat Eftirlitsstofnunar EFTA leiðir til þeirrar niðurstöðu að aðstoð, sem veitt hefur verið ólöglega, sé ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins og stofnunin leggur fyrir stjórnvöld í viðkomandi EFTA-ríki að krefjast endurgreiðslu aðstoðar sem telst ósamrýmanleg samningnum. Ef slík mál koma til kasta landsdómstóla gerist það yfirleitt á þann hátt að viðtakendur aðstoðarinnar höfða mál í því skyni að fá skorið úr lögmati endurgreiðslukröfu landsyfirvalda. Þó getur einnig komið til málshöfðunar af öðru tagi, ef réttarfarsreglur landsréttar heimila slíkt (t.d. málshöfðunar stjórnvalda í EFTA-ríkinu gegn viðtakanda í þeim tilgangi að fylgja að fullu eftir endurgreiðsluákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA).
19. Þegar hagsmunir einstaklinga eru í húfi verða landsdómstólar að sjá til þess að áhrif 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól skerðist ekki og standa vörð um hagsmuni sem lúta að markaði EES-rikjanna.
20. Í undirköflum 1.2 og 1.3 hér á eftir er að finna nánari umfjöllun um hlutverk landsdómstóla í þeim tilvikum sem að ofan greinir.

### 1.2 Hlutverk landsdómstóla við framfylgd ákvæða 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól – Ólögmet ríkisaðstoð

21. Samkvæmt dómaframkvæmd Evrópudómstólsins leiðir af stöðvunarákvæði 3. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans, sem á sér samsvörum í síðasta málslið 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að sérhver hlutadeigandi aðili öðlast rétt með beinni verkan (þar getur m.a. verið um að ræða keppinauta viðtakanda aðstoðarinnar) <sup>(30)</sup>. Slíkir aðilar geta framfylgt rétti sínum með málshöfðun fyrir lögberum dómstóli gegn því aðildarríki EB sem veitti aðstoðina. Eitt mikilvægasta hlutverk landsdómstóla á sviði ríkisaðstoðar er að fjalla um slík mál og standa á þann hátt vörð um hagsmuni keppinauta í samræmi við 3. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans.
22. Landsdómstólar í EFTA-rikjunum hafa sama hlutverk. Í EFTA-rikjunum ræðst það hins vegar af stjórnskipunarrétti hvernig ákvæði EES-réttar komast til framkvæmda þar, í samræmi við bókun 35 við EES-samninginn. Samkvæmt bókun 35 er EFTA-rikjunum skylt að tryggja, með sérstöku lagaákvæði ef þörf gerist, að komi til árekstra milli EES-reglna, sem komnar eru til framkvæmda, og annarra settra laga skuli EES-reglurnar gilda. EFTA-dómstóllinn hefur úrskurðað að einstaklingar og atvinnurekendur hafi rétt til þess, hver í sínu landi, að vísa til og krefjast hvera þeirra réttinda sem leiða má af ákvæðum EES-samningsins <sup>(31)</sup> á þeim grundvelli að þau séu, eða hafi verið leidd í, landslög, enda sé um að ræða óskilyrt og

<sup>(26)</sup> Mál C-368/04 *Transalpine Ölleitung in Österreich*, 37. mgr., sameinuð mál C-261/01 og C-262/01 *Van Calster and Cleeren*, dómasafn 2003, bls. I-12249, 74. mgr., og mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 41. mgr.

<sup>(27)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, dómasafn 2008, bls. I-469, 38. mgr., mál C-17/91 *Lornoy o.fl. gegn belgiska ríkinu*, dómasafn 1992, bls. I-6523, 30. mgr., og mál C-354/90 *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl. gegn franska ríkinu*, 14. mgr.

<sup>(28)</sup> Til stjórnvalda teljast ríkisvaldið, héraðsstjórnir og sveitarstjórnir.

<sup>(29)</sup> Mál C-368/04 *Transalpine Ölleitung in Österreich*, 38. og 44. mgr., sameinuð mál C-261/01 og C-262/01 *Van Calster and Cleeren*, 75. mgr., og mál C-295/97 *Piaggio*, 31. mgr.

<sup>(30)</sup> Mál 6/64 *Costa gegn E.N.E.L.*, dómasafn 1964, bls. 1141, mál 120/73 *Lorenz GmbH gegn Bundesrepublik Deutschland o.fl.*, dómasafn 1973, bls. 1471, 8. mgr., og mál C-354/90 *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl. gegn franska ríkinu*, 11. mgr.

<sup>(31)</sup> Sjá í þessu tilliti einnig aðfararorð samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, en þar er vísað til þess markmiðs „samningsaðila EES-samningsins, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, að ná fram og halda sig við samræmda túlkun og beitingu EES-samningsins og þeirra ákvæða í löggjöf bandalagsins sem tekin eru efnislega upp í þann samning, svo og að koma sér saman um jafnræði við málsmeðferð gagnvart einstaklingum og aðilum í atvinnurekstri að því er varðar fjörþætta frelsið og samkeppnisšķilyrði“. Í aðfararorðunum er ennfremur tekið fram að taka skuli „við beitingu bókana 1 til 4 við samning þennan tilhlýðilegt tillit til laga- og stjórnsýsluhátta framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna fyrir gildistöku samnings þessa“.

nægilega nákvæm ákvæði<sup>(32)</sup>. Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA, og einnig í samræmi við dómafrákvæmd Evrópuþingdómstólsins með tilliti til samhljóða ákvæðis 3. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans, að 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól fullnægi því undirliggjandi skilyrði bókar 35 við EES-samninginn að vera óskilyrt og nægilega nákvæm.

23. Síðasti málsliður 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól hefur verið felldur inn í landsrétt EFTA-rikkanna<sup>(33)</sup> og veitir þannig þeim, sem hagsmuna eiga að gæta, rétt til málshöfðunar fyrir landsdómstólum fyrir brot á stöðvunarákvæðinu. Landsdómstólum ber af þessum sökum að nota öll viðeigandi tæki og úrræði og beita öllum viðkomandi ákvæðum landsréttar til að framfylgja ákvæði landsréttar um frákvæmd síðasta málsliðar 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(34)</sup>.
24. Hið mikilvæga hlutverk, sem landsdómstólar leika í þessu samhengi, kemur einnig til af því að Eftirlitsstofnun EFTA hefur sjálf takmarkaðar heimildir til að vernda keppinauta og aðra þriðju aðila gegn afleiðingum ólögmatrar aðstoðar. Hér hefur mest að segja að stofnunin getur ekki tekið endanlega ákvörðun um að fyrirskipa endurgreiðslu aðstoðar eingöngu á þeim grundvelli að aðstoðin hafi ekki verið tilkynnt í samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(35)</sup>. Því verður að fara fram hjá stofnuninni heildarmat á því hvort viðkomandi ráðstöfun samrýmist gildandi reglum, óháð því hvort stöðvunarákvæðið hefur verið virt<sup>(36)</sup>. Mat af því tagi getur verið tímafrekt og heimildir Eftirlitsstofnunar EFTA til að gefa út bráðabirgðafyrirmæli um endurgreiðslu eru bundnar mjög ströngum lagaskilyrðum<sup>(37)</sup>.
25. Af þessum sökum er málarekstur fyrir landsdómstólum mikilvægt úrræði fyrir keppinauta og aðra þriðju aðila sem ólögmat ríkisaðstoð hefur bitnað á. Eftirtalin úrræði eru meðal þeirra sem leita má fyrir landsdómstólum:
  - a) fyrirmæli um að greiðsla ólögmatrar aðstoðar verði stöðvuð,
  - b) endurgreiðsla ólögmatrar aðstoðar (óháð því hvort hún telst samrýmanleg EES-samningnum),
  - c) greiðsla ólögmatrisvaxta,
  - d) skaðabótgreiðslur til keppinauta og annarra þriðju aðila og
  - e) bráðabirgðaráðstafanir gegn ólögmatrí aðstoð.
26. Þessi úrræði eru tekin til nánari umfjöllunar í undirköflum 1.2.1 til 1.2.6 hér á eftir.

#### 1.2.1 Fyrirmæli um að greiðsla ólögmatrar aðstoðar verði stöðvuð

27. Landsdómstólum ber að vernda rétt einstaklinga sem brot á stöðvunarákvæðinu hafa bitnað á. Dómstólar verða því að úrskurða um allar viðeigandi lögfylgjur þess, samkvæmt landsrétti, að brotið hafi verið gegn ákvæðum 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(38)</sup>. Landsdómstólar hafa þó ekki aðeins skyldum að gegna í tengslum við ólögmatra aðstoð sem þegar hefur verið greidd út. Þeim ber einnig að fjalla um atvik þar sem til stendur að inna af hendi ólögmatrar greiðslur. Landsdómstólar verða að standa vörð um réttindi einstaklinga þegar hugsanlegt er að brotið verði á þeim<sup>(39)</sup>. Þegar til stendur að inna af hendi ólögmatra aðstoð er landsdómstólum því skylt að koma í veg fyrir þá greiðslu.
28. Sú skylda landsdómstóla að koma í veg fyrir greiðslu ólögmatrar aðstoðar getur orðið virk við margvíslegar málsmeðferðaraðstæður, allt eftir því hvaða tegundir málshöfðunar eru heimilar samkvæmt landsrétti. Í frákvæmd gerist það oft að stefnandi lætur reyna á gildi innlendrar stjórnvaldsákvörðunar um að veita hina

<sup>(32)</sup> Mál E-1/94 *Ravintoloitsijain Liiton Kustannus Oy Restamark*, skýrsla EFTA-dómstólsins 1994–1995, bls. 15, 77. mgr.

<sup>(33)</sup> Á Íslandi hefur stöðvunarákvæðið verið tekið upp í 30. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum (A-deild Stjórnartíðinda, 20. maí 2005). Í Noregi er það að finna í 1. gr. reglugerðar nr. 198 frá 21. febrúar 2003 (*Forskrift om gjennomføring av EØS-avtalens vedlegg til Protokoll 3 om nærmere regler for anvendelsen av EF-traktatens artikkel 93 (prosedyreforordningen)*), sem var gefin út með konungstilskipun frá 21. febrúar 2003 með vísan til laga nr. 117 frá 27. nóvember 1992 um ríkisaðstoð, sbr. 61. gr. EES-samningsins, með síðari breytingum. Breytingar voru síðast gerðar á reglugerð nr. 198 með reglugerð nr. 277 frá 3. mars 2006, sem var gefin út með konungstilskipun frá sama degi. Í réttarkerfi Liechtensteins gildir meginreglan um einedli réttarreglna og er stöðvunarákvæðið því hluti af landsrétti í Liechtenstein sem slikt (Liechtensteinisches Landesgesetzblatt, Jahrgang 1995, nr. 72, 28. apríl 1995).

<sup>(34)</sup> Þó að virða þurfi meginregluna, sem sett er í 1. mgr. 3. gr. EES-samningsins, kemur það engu að síður í hlut landsdómstóla í hverju EFTA-riki að ákveða hvaða réttarleið skuli farin til að ná þessari niðurstöðu, sjá mál 120/73 *Lorenz GmbH gegn Bundesrepublik Deutschland o.fl.*, dómásafn 1973, bls. 1471, 9. mgr.

<sup>(35)</sup> Mál C-301/87 *Franska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, („Boussac“), dómásafn 1990, bls. I-307, og mál C-142/87 *Belgíska ríkið gegn framkvæmdastjórn* („Tubemeuse“), dómásafn 1990, bls. I-959.

<sup>(36)</sup> Mál C-301/87 *Franska ríkið gegn framkvæmdastjórn* („Boussac“), 17.–23. mgr., mál C-142/87 *Belgíska ríkið gegn framkvæmdastjórn* („Tubemeuse“), 15.–19. mgr., mál C-354/90 *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl. gegn franska ríkinu*, 14. mgr., og mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 38. mgr.

<sup>(37)</sup> Sjá 2. mgr. 11. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, en þar eru sett þau skilyrði að enginn vafi leiki á því að viðkomandi ráðstöfun sé í eðli sínu aðstoð, að brýnt sé að grípa til aðgerða og að veruleg hættu sé á að keppinautur verði fyrir verulegum og óbætanlegum skaða.

<sup>(38)</sup> Mál C-354/90 *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl. gegn franska ríkinu*, 12. mgr., mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 40. mgr., mál C-368/04 *Transalpine Ölleitung in Österreich*, 47. mgr., og mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 41. mgr.

<sup>(39)</sup> Mál C-368/04 *Transalpine Ölleitung in Österreich*, 38. og 44. mgr., sameinuð mál C-261/01 og C-262/01 *Van Calster and Cleeren*, 75. mgr., og mál C-295/97 *Piaggio*, 31. mgr.

ólögmætu ríkisaðstoð. Í slíkum tilvikum er oftast eðlilegt að stöðva ólögmætar greiðslur þegar niðurstaðan er sú að stjórnvaldsákvörðun um að veita aðstoðina sé ógild vegna þess að brotið hafi verið gegn ákvæðum 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(40)</sup>.

### 1.2.2 Endurgreiðsla ólögmætrar aðstoðar

29. Þegar landsdómstóll hefur til meðferðar mál sem varðar ólögmæta ríkisaðstoð verður hann að úrskurða um allar lögfylgjur þess samkvæmt landsrétti að aðstoðin reynist vera ólögmæt. Að meginstefnu til ber landsdómstólnum því að mæla fyrir um fulla endurgreiðslu frá viðtakanda hinnar ólögmætu ríkisaðstoðar<sup>(41)</sup>. Útgáfa fyrir mála um að ólögmæt aðstoð skuli endurgreiðd að fullu er meðal þess sem fellur undir skyldu landsdómstólsins til að vernda einstaklingsbundinn rétt stefnanda (t.d. keppinautar) samkvæmt 1. mgr. 3. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Því skiptir ekki máli um skyldu landsdómstólsins til að gefa fyrir máli um endurgreiðslu hvort viðkomandi aðstoðarráðstöfun er samrýmanleg ákvæðum 2. eða 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
30. Þar eð landsdómstólar verða að mæla fyrir um fulla endurgreiðslu ólögmætrar aðstoðar óháð því hvort hún telst samrýmanleg EES-samningnum kann endurgreiðsla að nást fram hraðar með málshöfðun fyrir landsdómstóli en með því að bera upp kvörtun við Eftirlitsstofnun EFTA. Raunar er það svo að ólíkt því sem gildir um Eftirlitsstofnun EFTA<sup>(42)</sup> er landsdómstóli bæði rétt og skylt að binda úrskurð sinn við það hvort ráðstöfunin, sem er til umfjöllunar, hafi í för með sér ríkisaðstoð og hvort stöðvunarákvæðið taki til hennar.
31. Undantekningar eru þó frá þeirri skyldu landsdómstóla að mæla fyrir um endurgreiðslu. Samkvæmt dómorði í „SFEI“-málinu<sup>(43)</sup> geta óvenjulegar aðstæður valdið því að ekki sé viðeigandi að mæla fyrir um endurgreiðslu ólögmætrar aðstoðar. Í þessu tilliti ber að beita svipuðum lagaviðmiðum og mælt er fyrir um í 14. og 15. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(44)</sup>. Með öðrum orðum getur landsdómstóll ekki vikið sér undan því að mæla fyrir um fulla endurgreiðslu aðstoðar með vísan til aðstæðna sem ekki gætu staðið í vegi fyrir slíkum fyrir mælum af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA. Viðmiðin, sem beitt yrði af hálfu EFTA-dómstólsins í þessu tilliti, eru afar ströng<sup>(45)</sup>. Samkvæmt túlkun EFTA-dómstólsins og Evrópu dómstólsins getur viðtakandi ólögmætrar aðstoðar að meginstefnu til ekki notað réttmætar væntingar sem vörn gegn fyrir mælum Eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðslu<sup>(46)</sup>. Ástæðan er sú að hæfur fyrir-tækjarekandi hefði getað gengið úr skugga um hvort aðstoðin, sem hann hlaut, hefði verið tilkynnt<sup>(47)</sup>.
32. Til þess að gild ástæða geti talist vera fyrir því að landsdómstóll mæli ekki fyrir um endurgreiðslu með vísan til 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól verður því að vera unnt að vísa til sérstaklega tilgreinds og raunverulegs málsatviks sem vakið hafi réttmætar væntingar viðtakanda<sup>(48)</sup>. Dæmi um slíkt væri ef Eftirlitsstofnun EFTA hefði sjálf gefið sérstaklega til kynna að viðkomandi ráðstöfun teldist ekki fela í sér ríkisaðstoð eða að hún félli ekki undir stöðvunarákvæðið<sup>(49)</sup>.
33. Samkvæmt dómafrankvæmd Evrópu dómstólsins<sup>(50)</sup> fellur skylda landsdómstólsins til að mæla fyrir um fulla endurgreiðslu ólögmætrar aðstoðar niður ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar ákveðið, um það leyti sem dómstóllinn fellir dóm, að aðstoðin skuli teljast samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins. Tilgangur stöðvunarákvæðisins er að tryggja að aðeins aðstoð, sem er samrýmanleg samningnum, geti komist til framkvæmda, og ekki er lengur hugsanlegt að unnið sé gegn þeim tilgangi þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur staðfest að um sé að ræða slíka aðstoð<sup>(51)</sup>. Sú skylda landsdómstólsins að vernda einstaklingsbundin réttindi

<sup>(40)</sup> Að því er varðar þá niðurstöðu að stjórnvaldsákvörðun af þessu tagi sé ógild þegar stjórnvöld í EB-riki hafa brotið ákvæði 3. mgr. 88. gr. EB-sáttmálsins sjá mál C-354/90 *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl. gegn franska ríkinu*, 12. mgr.; sjá einnig til skýringar niðurstöðu Hæstaréttar Þýskalands („Bundesgerichtshof“) í dómi frá 4. apríl 2003, V ZR 314/02, VIZ 2003, 340, og dómi frá 20. janúar 2004, XI ZR 53/03, NVwZ 2004, 636.

<sup>(41)</sup> Mál C-71/04 *Xunta de Galicia*, dómasafn 2005, bls. 1-7419, 49. mgr., mál C-39/94 SFEI o.fl., 40. og 68. mgr., og mál C-354/90 *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl. gegn franska ríkinu*, 12. mgr.

<sup>(42)</sup> Stofnunin verður að inna af hendi samrýmanleikamat áður en mælt er fyrir um endurgreiðslu.

<sup>(43)</sup> Mál C-39/94 SFEI o.fl., 70. og 71. mgr., sbr. álit Jacobs lögsögumanns í því máli, 73.-75. mgr., sjá einnig mál 223/85 *RSV gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1987, bls. 4617, 17. mgr., og mál C-5/89 *Framkvæmdastjórn gegn Þýska ríkinu*, dómasafn 1990, bls. I-3437, 16. mgr.

<sup>(44)</sup> Um lagaviðmiðin, sem beitt er í því tilliti, sjá álit Jacobs lögsögumanns í máli C-39/94 SFEI o.fl., 75. mgr.

<sup>(45)</sup> Í 14. gr. er aðeins kveðið á um undanþágu frá þeirri skyldu Eftirlitsstofnunar EFTA að mæla fyrir um endurgreiðslu þegar aðstæður eru með þeim hætti að slíkt færi í bága við grundvallarreglur EES-réttar. Stjórnvöld í EFTA-riki geta aðeins vikið sér undan því að framfylgja ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðslu þegar ómögulegt væri með öllu að ná fram slíki endurgreiðslu, sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, 17. mgr. kaflans um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmæt og ósamrýmanleg ákvæðum EES-samningsins (Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32, og EES-viðbætur nr. 23, 21.4.2011, bls. 1). Sá kaflinn samsvarar auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar með fyrirsögninni: Skilvirkari framkvæmd ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um endurheimtu aðildarríkja á ríkisaðstoð sem er ólögmæt og ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum (Stjtið. EB C 272, 15.11.2007, bls. 4). Sjá einnig mál C-177/06 *Framkvæmdastjórn gegn Spænska ríkinu*, dómasafn 2007, bls. I-7689, 46. mgr.

<sup>(46)</sup> Sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnjörð o.fl. gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, 171. mgr., og mál E-2/05 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu*, skýrsla EFTA-dómstólsins 2005, bls. 205, 26. mgr. Sjá einnig mál C-5/89 *Framkvæmdastjórn gegn Þýska ríkinu*, 14. mgr., mál C-169/95 *Spænska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1997, bls. I-135, 51. mgr., og mál C-148/04 *Unicredito Italiano*, dómasafn 2005, bls. I-11137, 104. mgr.

<sup>(47)</sup> Mál C-5/89 *Framkvæmdastjórn gegn Þýska ríkinu*, 14. mgr., mál C-24/95 *Alcan Deutschland*, dómasafn 1997, bls. I-1591, 25. mgr., og sameinuð mál C-346/03 og C-529/03 *Atzeni o.fl.*, 64. mgr.

<sup>(48)</sup> Sbr. álit Jacobs lögsögumanns í máli C-39/94 SFEI o.fl., 73. mgr., og mál 223/85 *RSV gegn framkvæmdastjórn*, 17. mgr.

<sup>(49)</sup> Sameinuð mál C-182/03 og C-217/03 *Belgíska ríkið og Forum 187 gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2006, bls. I-5479, 147. mgr.

<sup>(50)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 45., 46. og 55. mgr., og mál C-384/07 *Wienstrom*, dómur frá 11. desember 2008, dómasafn 2008, bls. I-10393, 28. mgr.

<sup>(51)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 49. mgr.

samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól helst því óbreytt þar til Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið ákvörðun, óháð því hvort málsmeðferð í þeim tilgangi stendur yfir<sup>(52)</sup>.

34. Þó að skylda landsdómstóls til að mæla fyrir um fulla endurgreiðslu aðstoðar falli niður samkvæmt *EES-rétti* þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur ákveðið að aðstoð sé heimil er hugsanlegt að dómstóllinn hafi enn slíka skyldu samkvæmt *landsrétti*<sup>(53)</sup>. Ef slík endurgreiðsluskylda er fyrir hendi kemur hún þó ekki í veg fyrir að stjórnvöld í viðkomandi EFTA-riki geti komið aðstoðinni til framkvæmda aftur síðar.
35. Þegar landsdómstóll hefur ákveðið að veitt hafi verið ólögmat aðstoð og með því brotið gegn ákvæðum 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ber honum að meta umfang aðstoðarinnar til þess að unnt sé að ákveða hvaða fjárhæð skuli endurgreidd. Í þessu tilliti getur dómstóllinn haft hliðsjón af dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópubandalagsins að því er varðar beitingu 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans, svo og útgefnum leiðbeiningum og mótaðri afstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA í eldri ákvörðunum. Reynist erfiðleikum bundið að reikna aðstoðarfjárhæðina getur landsdómstóllinn leitað liðsinnis stofnunarinnar, sjá nánar 2. undirkafla hér á eftir.

### 1.2.3 Innheimta vaxta

36. Efnahagslegt hagræði af ólögmatrí aðstoð er ekki bundið við nafnfjárhæð greiddrar aðstoðar. Auk þeirra fjármuna nýtur viðtakandinn hagræðis af ótímabærri framkvæmd aðstoðarinnar. Þetta skýrist af því að hefði aðstoðin verið tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA hefðu greiðslur átt sér stað síðar (eða alls ekki). Viðtakandinn hefði þannig orðið að taka fjármunina að láni á fjármagnsmarkaði og greiða af þeim markaðsvexti.
37. Þetta óeðlilega hagræði í tíma er ástæðan fyrir því að ákvæði 2. mgr. 14. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól varða ekki aðeins endurgreiðslu nafnfjárhæðar aðstoðarinnar, heldur einnig vaxta frá þeim degi að viðtakandi fékk hina ólögmatu aðstoð til umræða og fram til þess dags er hún er endurgreidd. Í þessu tilliti ber að reikna vextina í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004<sup>(54)</sup>.
38. Í samræmi við dómaframkvæmd Evrópudómstólsins<sup>(55)</sup> og í þeim tilgangi að framfylgja ákvæðum 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ber landsdómstólum að mæla fyrir um endurgreiðslu þess fjárhagslega hagræðis sem leitt hefur af ótímabærri framkvæmd aðstoðarinnar (og nefnt er „ólögmætisvextir“ hér á eftir). Ástæðan er sú að ótímabær framkvæmd ólögmatrar aðstoðar hefur þær afleiðingar, að minnsta kosti, að aðstoðin bitnar á keppinautum, eftir aðstæðum, fyrir en nauðsynlegt hefði verið í samkeppnislegu tilliti. Þannig hefur viðtakandi aðstoðarinnar notið óeðlilegs hagræðis<sup>(56)</sup>.
39. Skylda viðkomandi landsdómstóls til að mæla fyrir um endurgreiðslu ólögmatrisvaxta getur orðið virk við tvenns konar aðstæður:
- Landsdómstóllinn verður að jafnaði að mæla fyrir um fulla endurgreiðslu ólögmatrar aðstoðar í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Þegar þannig stendur á verður að bæta ólögmatrisvöxtum við upprunalegu aðstoðarfjárhæðina þegar heildarfjárhæðin, sem endurgreiða ber, er ákvæðin.
  - Á hinn bóginn verður landsdómstóllinn einnig að mæla fyrir um innheimtu ólögmatrisvaxta þó að þær undantekningaraðstæður komi upp að ekki er skylt að mæla fyrir um fulla endurgreiðslu. Skylda landsdómstólsins til að mæla fyrir um innheimtu ólögmatrisvaxta helst því jafnvel þótt Eftirlitsstofnun EFTA hafi gefið út ákvörðun um að aðstoðin sé heimil<sup>(57)</sup>. Þetta atriði getur skipt höfuðmáli fyrir hugsanlega stefnendur, enda er það árangursrík leið til úrbóta einnig í tilvikum þar sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar lýst aðstoðina samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins.
40. Til þess að geta sinnt þeirri skyldu að mæla fyrir um innheimtu ólögmatrisvaxta verða landsdómstólar að ákveða vaxtafjárhæðina sem innheimta ber. Um þetta gilda eftirtaldir reglur:
- Til grundvallar útreikningnum liggur nafnfjárhæð aðstoðarinnar<sup>(58)</sup>.
  - Við ákvörðun á vaxtastigi og reikniaðferð ber landsdómstólum að taka mið af því að fyrirmæli landsdómstóls um innheimtu ólögmatrisvaxta hafa sama tilgang og sams konar fyrirmæli sem Eftirlitsstofnun EFTA gefur út í samræmi við 14. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Þar að auki eru kröfur um innheimtu ólögmatrisvaxta kröfur að EES-rétti og byggjast á ákvæðum 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(59)</sup>. Jafngildisreglan og skilvirknisreglan, sem báðum er lýst í undirkafla 1.4.1 hér á eftir, gilda því einnig um slíkar kröfur.

<sup>(52)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 41. mgr.

<sup>(53)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 53. og 55. mgr.

<sup>(54)</sup> Í 9. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 (Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, EES-viðbætur nr. 26, 25.5.2006, bls. 1) með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun 789/08/COL frá 17. desember 2008 (Stjtið. ESB L 340, 22.12.2010, bls. 1, EES-viðbætur nr. 72, 22.12.2010, bls. 1).

<sup>(55)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 50.–52. og 55. mgr.

<sup>(56)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 50.–52. og 55. mgr.

<sup>(57)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 52. og 55. mgr.

<sup>(58)</sup> Sjá 35. mgr. hér á undan. Heimilt er með endurgreiðslu fyrir augum að lækka nafnfjárhæð aðstoðarinnar sem nemur þeim sköttum sem greiddir hafa verið af henni, sjá mál T-459/93 *Siemens gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1995, bls. II-1675, 83. mgr.

<sup>(59)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 52. og 55. mgr.

- c) Til þess að tryggja sé að farið sé að ákvæðum 14. gr. II. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, og að skilvirkniskrafan sé virt, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að við útreikning vaxta megi landsdómstóllinn ekki nota aðferð sem leiðir til vægari niðurstöðu en reglan sem lýst er í ákvörðun stofnunarinnar 195/04/COL frá 14. júlí 2004<sup>(60)</sup>. Þetta merkir að reikna verður ólögmetisvexti sem vaxtavexti og að ekki má nota lægri vaxtaþróun en sem nemur viðmiðunarvöxtum<sup>(61)</sup>.
- d) Þá leiðir af jafngildisreglunni, að áliti stofnunarinnar, að séu reglur landsréttar um útreikning vaxta strangari en þær, sem mælt er fyrir um í ákvörðun stofnunarinnar 195/04/COL frá 14. júlí 2004, verður landsdómstóllinn að beita þeim strangari reglum landsréttar einnig í tengslum við kröfur sem byggjast á 3. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
- e) Vextir skulu jafnan reiknaðir frá þeim degi sem viðtakandi ólögmaðu aðstoðarinnar fékk hana fyrst til ráðstöfunar. Hver síðasti dagur vaxtaútreiknings verður fer eftir stöðu mála um það leyti sem landsdómstóllinn fellir dóm. Hafi Eftirlitsstofnun EFTA þegar heimilað aðstoðina skulu vextir reiknaðir til þess dags sem sú ákvörðun var tekin. Í öðrum tilvikum safnast vextir upp frá þeim tíma sem viðtakandi ólögmaðu aðstoðarinnar fékk hana til ráðstöfunar og þar til hann hefur endurgreitt hana. Samkvæmt dómafrákvæmd Evrópudómstólsins ber einnig að reikna ólögmetisvexti vegna tímabilsins sem liður frá því að Eftirlitsstofnun ákveður að aðstoðin sé heimil og þar til EFTA-dómstóllinn ógildir þá ákvörðun<sup>(62)</sup>.
41. Í vafatilvikum getur landsdómstóllinn leitað álits Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við ákvæði 2. undirkafla hér á eftir.
- 1.2.4 *Skaðabótakröfur*
42. Til þess getur komið að leitað sé til landsdómstóla um að dæma keppinautum tiltekins viðtakanda ólögmetrar aðstoðar og öðrum þriðju aðilum bætur vegna skaða sem þeir telja að aðstoðin hafi valdið sér<sup>(63)</sup>. Skaðabótamál af því tagi beinast venjulega gegn stjórnvaldinu sem veitti ríkisaðstoðina. Þau geta haft afar mikla þýðingu fyrir stefnanda sökum þess að, ólíkt því sem á við í málum sem snúa aðeins að endurgreiðslu, leiðir árangursríkt skaðabótamál til þess að stefnandi hlýtur beinar fjárbætur fyrir það tap sem hann hefur orðið fyrir. Dómsmál af þessu tagi eru vitaskuld háð réttarreglum í hverju landi. Í því tilliti bendir Eftirlitsstofnun EFTA sérstaklega á að landsdómstólum ber að nota öll viðeigandi tæki og úrræði og beita öllum viðkomandi ákvæðum landsréttar til að framfylgja ákvæði landsréttar um framkvæmd síðasta málsliðar 3. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og vernda réttindi sem það ákvæði veitir einstaklingum og fyrirtækjum.
43. Óháð því réttaráræði að krefjast skaðabóta samkvæmt landsrétti getur stöðvunarákvæðið í grundvallaratriðum einnig leitt til skaðabótakrafna sem byggjast á dómafrákvæmd EFTA-dómstólsins<sup>(64)</sup>. Stjórnvöldum í EFTA-rikinum er skylt að bæta einstaklingum tap og skaða sem leitt hefur af brotum á skyldum samkvæmt afleiddri löggjöf EES-réttar eða megingexta EES-samningsins<sup>(65)</sup>. Slík skaðabótaskylda er fyrir hendi ef: i) lagareglan, sem brotin hefur verið, hefur verið sett í þeim tilgangi að veita einstaklingum réttindi, ii) brotið er nægilega alvarlegt og iii) beint orsakasamband er milli brots á skyldu viðkomandi aðildarríkis og skaða tjónþola<sup>(66)</sup>.
44. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að fyrsta skilyrðinu (að fyrir hendi sé lagaskylda samkvæmt ákvæði í EES-rétti sem hefur það að markmiði að vernda einstaklingsbundin réttindi) sé fullnægt þegar um ræðir brot á ákvæðum 3. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Í EFTA-dómstólum hefur dómur fallið á þann veg að þegar lagaregla hefur verið brotin teljist einstaklingar hafa öðlast réttindi þegar viðkomandi ákvæði er óskilyrt og nægilega nákvæmt<sup>(67)</sup>. Eins og nefnt er í 22. mgr. hér á undan lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að ákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól fullnægi þessu skilyrði.
45. Því skilyrði að viðkomandi brot á ákvæðum EES-réttar verði að vera nægilega alvarlegt er að jafnaði einnig fullnægt að því er varðar 3. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. EFTA-dómstóllinn hefur talið að mælikvarðinn á þetta sé hvort löggjafarvaldi hefur verið beitt þannig í viðkomandi aðildarríki EES-samningsins að farið hafi verið út fyrir valdheimildir með augljósum og ámælisverðum hætti. Til þess að meta hvort því skilyrði er fullnægt verður að taka tillit til allra aðstæðna sem máli skipta. Þar er meðal annars um að ræða hversu skýr og nákvæm sú regla er sem brotið beinist gegn, hversu rúm matsvik stjórnvöld í landinu hafa við beitingu þeirrar reglu, hvort rekja má brotið, og skaðann

<sup>(60)</sup> Sjá 9.–11. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun 789/08/COL frá 17. desember 2008.

<sup>(61)</sup> Sjá 54. nmgr. hér á undan.

<sup>(62)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 69. mgr.

<sup>(63)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 53. og 55. mgr., mál C-368/04 *Transalpine Ölleitung in Österreich*, 56. mgr., og mál C-334/07 *P Framkvæmdastjórn gegn Freistaat Sachsen*, dómur frá 11. desember 2008, dómasafn 2008, bls. I-09465, 54. mgr.

<sup>(64)</sup> Mál E-9/97 *Erla María Sveinbjörnsdóttir gegn íslenska ríkinu*, skýrsla EFTA-dómstólsins 1998, bls. 95, 59.–63. og 66.–69. mgr., og mál E-4/01 *Karl K. Karlsson gegn íslenska ríkinu*, skýrsla EFTA-dómstólsins 2002, bls. 240, 32., 37.–38., 40. og 47. mgr.

<sup>(65)</sup> Mál E-4/01 *Karl K. Karlsson gegn íslenska ríkinu*, 32. mgr.

<sup>(66)</sup> Sjá mál E-9/97 *Erla María Sveinbjörnsdóttir gegn íslenska ríkinu*, 66. mgr., og mál E-4/01 *Karl K. Karlsson gegn íslenska ríkinu*, 32. mgr. Sjá einnig mál C-173/03 *Traghetti del Mediterraneo gegn ítalska ríkinu*, 45. mgr.

<sup>(67)</sup> Mál E-1/94 *Ravintoloitsijain Liiton Kustannus Oy Restamark*, 77. mgr.

sem leitt hefur af því, til vísitandi verknaðar eða gáleysis og hvort hugsanleg lögvilla telst afsakanleg eða ekki <sup>(68)</sup>. Að því er varðar 3. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól hafa stjórnvöld í EFTA-ríkjunum hins vegar enga heimild til að láta hjá líða að tilkynna ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar. Þeim ber að meginstefnu til ófrávíkjanleg skylda til að tilkynna allar slíkar ráðstafanir áður en þær koma til framkvæmda. Þótt EFTA-dómstóllinn geti tekið mið af því að viðkomandi brot á EES-rétti sé afsakanlegt <sup>(69)</sup> þegar um ríkisaðstoð er að ræða eiga stjórnvöld að gera sér fulla grein fyrir þessari skyldu og geta að jafnaði ekki borið fyrir sig að þau hafi ekki vitað af stöðvunarákvæðinu. Í vafatilvikum geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum jafnan farið þá leið að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ráðstöfunina til þess að tryggja réttaröryggi <sup>(70)</sup>.

46. Þriðja skilyrðinu, að viðkomandi brot á EES-rétti verði að hafa valdið stefnanda raunverulegum og sannanlegum skaða, getur verið fullnægt með ýmsum hætti.
47. Oft er vísað til þess af hálfu stefnanda að aðstoðin hafi verið bein orsök þess að hagnaður hans skertist. Þegar landsdómstóll hefur slíka málsástæðu til athugunar verður hann að líta til eftirfarandi sjónarmiða:
- Það leiðir af jafngildis- og skilvirkniskröfum EES-réttar <sup>(71)</sup> að reglur landsréttar mega ekki undanþiggja EFTA-riki ábyrgð á því að hagnaður skerðist <sup>(72)</sup>. Samkvæmt EES-rétti getur stefnandi talist hafa orðið fyrir skaða óháð því hvort brotið olli honum eignatapi eða stóð í vegi fyrir því að hann bætti eignastöðu sína. Sé undanþáguákvæði af þessu tagi að finna í landslögum verður landsdómstóllinn að horfa fram hjá því í tengslum við skaðabótakröfur samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
  - Auðveldara ætti að reynast að ákvarða raunverulega fjárhæð tapaðs hagnaðar þegar þannig stendur á að ólögmeta aðstoðin gerði viðtakanda kleift að ná til sín samningi eða tilteknu viðskiptatækifæri frá stefnanda. Landsdómstóllinn getur þá reiknað hversu miklar tekjur líklegt er að stefnandi hefði haft af þeim samningi. Þegar þannig stendur á að viðtakandi aðstoðarinnar hefur þegar efnt slíkan samning ber landsdómstólum einnig að hafa hliðsjón af raunhagnaði hans af því.
  - Þegar aðstoðin leiðir aðeins til almennrar skerðingar á markaðshlutdeild verður mat á skaðanum flóknara. Meðal hugsanlegra aðferða í slíkum tilvikum er að bera saman raunverulegar tekjur stefnanda (eins og þær koma fram í rekstrarreikningi) og tekjur sem hann hefði getað haft ef engin ólögmet aðstoð hefði verið veitt.
  - Þær aðstæður geta komið upp að stefnandi verði fyrir meiri skaða en sem nemur töpuðum hagnaði. Þannig getur til að mynda staðið á þegar stefnandi neyðist til að hætta rekstri (t.d. vegna þess að hann verður ógjaldfær) í kjölfar þess að ólögmet aðstoð er veitt.
48. Að meginstefnu til er unnt að fara þá leið að höfða skaðabótamál óháð því hvort Eftirlitsstofnun EFTA hefur um sama leyti með höndum rannsókn á sömu aðstoðarráðstöfun. Yfirstandandi rannsókn af því tagi leysir landsdómstóllinn ekki undan þeirri skyldu að standa vörð um einstaklingsbundin réttindi í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(73)</sup>. Þar eð stefnandi getur hugsanlega sýnt fram á að hann hafi beðið skaða af ótímabærri framkvæmd aðstoðarinnar, nánar tiltekið vegna þess að viðtakandi aðstoðarinnar naut ólögmeðs forskots í tíma, er jafnframt hugsanlegt að skaðabótakröfur geti náð fram að ganga þótt Eftirlitsstofnun EFTA hafi þegar heimilað aðstoðina þegar landsdómstóllinn úrskurðar í málinu <sup>(74)</sup>.
49. Í sumum tilvikum heimila réttarfarsreglur landsréttar landsdómstóli að notast við hæfilega áætlaðar tölur um skaðann þegar stefnanda eru reiknaðar skaðabætur. Þegar þannig stendur á, og að því tilskildu að skilvirknisreglan <sup>(75)</sup> sé virt, er einnig hugsanlegt að notast við slíkt mat í tengslum við skaðabótakröfur sem byggjast á 3. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Landsdómstólum, sem glíma við að reikna skaðabótafjárhæðir, getur reynst þetta gagnlegt tæki.
50. Til Eftirlitsstofnunar EFTA má einnig vísa atriðum sem varða lagalegar forsendur skaðabótakrafna samkvæmt EES-rétti og útreikning skaðabóta, með erindi þar sem farið er fram á aðstoð í samræmi við 2. undirkafla hér á eftir.

<sup>(68)</sup> Mál E-9/97 *Erla María Sveinbjörnsdóttir gegn íslenska ríkinu*, 68–69. mgr., og mál E-4/01 *Karl K. Karlsson gegn íslenska ríkinu*, 38. mgr. Um áhrif þess hvaða matsvik viðkomandi stjórnvöld hafa, sjá einnig sameinuð mál C-46/93 og C-48/93 *Brasserie du Pêcheur og Factortame*, dómasafn 1996, bls. I-1029, 55. mgr., mál C-278/05 *Robins o.fl.*, dómasafn 2007, bls. I-1053, 71. mgr., mál C-424/97 *Haim*, dómasafn 2000, bls. I-5123, 38. mgr., og mál C-5/94 *Hedley Lomas*, dómasafn 1996, bls. I-2553, 28. mgr.

<sup>(69)</sup> Mál E-9/97 *Erla María Sveinbjörnsdóttir gegn íslenska ríkinu*, 69. mgr., og mál E-4/01 *Karl K. Karlsson gegn íslenska ríkinu*, 38. mgr. Sjá einnig sameinuð mál C-46/93 og C-48/93 *Brasserie du Pêcheur og Factortame*, 56. mgr.

<sup>(70)</sup> Enda þótt brot á 3. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól verði þannig almennt að teljast nægilega alvarleg geta óvenjulegar aðstæður staðið í vegi fyrir skaðabótakröfu. Við slíkar aðstæður er hugsanlegt að skilyrðinu um að brot sé nægilega alvarlegt sé ekki fullnægt. Sjá 31. og 32. mgr. hér á undan.

<sup>(71)</sup> Sjá undirkafla 1.4.1 hér á eftir.

<sup>(72)</sup> Sameinuð mál C-46/93 og C-48/93 *Brasserie du Pêcheur og Factortame*, 87. og 90. mgr.

<sup>(73)</sup> Mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 44. mgr.

<sup>(74)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 53. og 55. mgr.

<sup>(75)</sup> Sjá undirkafla 1.4.1 hér á eftir.

### 1.2.5 *Skaðabótakröfur sem beinast gegn viðtakanda aðstoðar*

51. Eins og lýst hefur verið hér á undan er hugsanlegum stefnendum heimilt að krefjast skaðabóta frá stjórnvaldinu sem veitti ríkisaðstoðina. Við tilteknar aðstæður getur þó hugsast að stefnandi kjósi fremur að krefjast bóta beint frá viðtakanda aðstoðarinnar.
52. Þar eð ákvæði 3. mgr. 1. gr. I hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól leggja viðtakanda aðstoðar enga beina skyldu á herðar eiga slíkar kröfur sér enga stoð í EES-rétti<sup>(76)</sup>. Þetta kemur hins vegar ekki í veg fyrir að skaðabótamál gegn viðtakanda aðstoðar geti náð fram að ganga á grundvelli efnisákvæða í *landslögum*. Í þessu tilliti verða hugsanlegir stefnendur að treysta á ákvæði landslaga um skaðabætur utan samninga<sup>(77)</sup>.

### 1.2.6 *Bráðabirgðaráðstafanir*

53. Sú skylda landsdómstóla að úrskurða um allar nauðsynlegar lögfylgjur þess að brotið hafi verið gegn stöðvunarákvæðinu er ekki bundin við endanlegan dómsúrskurð. Það er þáttur í hlutverki þeirra samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að kveða á um bráðabirgðaráðstafanir, eftir því sem við á, til þess að vernda rétt einstaklinga<sup>(78)</sup> og standa vörð um áhrifamátt 3. mgr. 1. gr. I hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
54. Heimildir landsdómstóla til að kveða á um bráðabirgðaráðstafanir geta skipt hagsmunaaðila höfuðmáli þegar mikilvægt er að ná fram skjótri úrlausn. Vegna þess að landsdómstólar geta kveðið upp skjóta úrskurði um ólögmeta aðstoð, standa nálægt málsaðilum og hafa margvíslegar valdheimildir eru þeir kjörinn vettvangur ákvarðana um bráðabirgðaráðstafanir þegar ólögmet aðstoð hefur þegar verið greidd út eða slík greiðsla stendur fyrir dyrum.
55. Í einföldustu málunum stendur þannig á að ólögmet aðstoð hefur ekki enn verið greidd út en hætta er á að hún verði greidd út meðan málið er fyrir landsdómstólum. Í slíkum tilvikum getur sú skylda landsdómstóls að koma í veg fyrir brot á 3. mgr. 1. gr. I hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(79)</sup> orðið til þess að dómstóllinn taki bráðabirgðaákvörðun um að stöðva ólögmeta greiðslu aðstoðar þar til leyst hefur verið úr efnisatriðum málsins.
56. Ef greiðsla hefur þegar átt sér stað með ólögmetum hætti leiðir venjulega af hlutverki landsdómstóla samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að þeir verða að mæla fyrir um fulla endurgreiðslu aðstoðarinnar (að viðbættum ólögmetisvöxtum). Með vísan til skilvirknisreglunnar<sup>(80)</sup> er landsdómstólum óheimilt að fresta slíkri niðurstöðu með því að draga málsmeðferð óhófliga á langinn. Með töfum af því tagi væri ekki aðeins unnið gegn einstaklingsbundnum réttindum sem njóta verndar samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, heldur væri beinlínis aukíð á þann samkeppnishamlandi skaða sem rekja má til þess að aðstoðin er veitt með ólögmetum hætti.
57. Þrátt fyrir þessa almennu skyldu geta komið upp þær aðstæður að frestur verður á endanlegri uppkvaðningu dóms fyrir landsdómstóli. Í slíkum tilvikum leiðir af þeirri skyldu að vernda einstaklingsbundin réttindi samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að landsdómstóllinn verður að beita öllum bráðabirgðaráðstöfunum, sem honum eru heimilar samkvæmt viðeigandi réttarfarareglum landsréttar, til að binda enda á samkeppnishamlandi áhrif aðstoðarinnar, að minnsta kosti fyrst um sinn („endurgreiðsla til bráðabirgða“)<sup>(81)</sup>. Réttarfarareglur landsréttar gilda í þessu samhengi með fyrirvara um jafngildis- og skilvirkniskröfuna<sup>(82)</sup>.
58. Þegar dómari við landsdómstól kemst að þeirri niðurstöðu að hin umdeilda ráðstöfun hafi fljótt á litið í för með sér ríkisaðstoð, með vísan til dómaframkvæmdar EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópubandalagsins svo og stjórnsluframkvæmdar Eftirlitsstofnunar EFTA, er skjótvirkasta úrræðið, að álitu Eftirlitsstofnunar EFTA og með fyrirvara um réttarfarareglur landsréttar, að mæla fyrir um að hin ólögmeta aðstoð *ad viðbættum* ólögmetisvöxtum verði geymd á bundnum reikningi þar til leyst hefur verið úr efnisatriðum málsins. Landsdómstóllinn myndi þá við endanlega dómsuppkvaðningu annaðhvort mæla fyrir um að innstæða á bundna reikningnum yrði greidd aftur stjórnvaldinu sem veitti ríkisaðstoðina, ef staðfest hefur verið að hún sé ólögmet, eða að hún yrði afhent viðtakanda aðstoðarinnar.
59. Endurgreiðsla til bráðabirgða getur einnig verið afar árangursrík aðferð í þeim tilvikum að mál er rekið fyrir landsdómstóli samhliða rannsókn Eftirlitsstofnunar EFTA<sup>(83)</sup>. Yfirstandandi rannsókn á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA leysir landsdómstóllinn ekki undan þeirri skyldu að standa vörð um einstaklingsbundin réttindi

<sup>(76)</sup> Mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 72.–74. mgr.

<sup>(77)</sup> Mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 75. mgr.

<sup>(78)</sup> Mál C-354/90 *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl. gegn franska ríkinu*, 12. mgr., mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 52. mgr., og mál C-368/04 *Transalpine Ölleitung in Österreich*, 46. mgr.

<sup>(79)</sup> Sjá undirkafla 1.2.1 hér á undan.

<sup>(80)</sup> Sjá undirkafla 1.4.1 hér á eftir.

<sup>(81)</sup> Sjá einnig mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 52. mgr., og mál C-368/04 *Transalpine Ölleitung in Österreich*, 46. mgr.

<sup>(82)</sup> Sjá undirkafla 1.4.1 hér á eftir.

<sup>(83)</sup> Sjá undirkafla 1.3.1 hér á eftir um leiðbeiningar um bráðabirgðaráðstafanir í endurgreiðslumálum.

samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(84)</sup>. Landsdómstólum er því ekki heimilt að fresta einfaldlega eigin málsmeðferð þar til Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að niðurstöðu og láta ógert á meðan að vernda rétt stefnanda samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Kjósi landsdómstóll að láta endanleg og óafturkallanleg fyriræli um endurgreiðslu bíða niðurstöðu samrýmanleikamats á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA verður hann því að mæla fyrir um bráðabirgðaráðstafanir. Fyriræli um að fjármunirnir verði geymdir á bundnum reikningi virðast einnig í þessu tilviki viðeigandi úrræði. Þegar niðurstaðan er sú:

- a) að Eftirlitsstofnun EFTA lýsir aðstoðina ósamrýmanlega EES-samningnum mæli dómstóllinn þá fyrir um að fjármunirnir á bundna reikningnum verði greiddir aftur til stjórnvaldsins sem veitti ríkisaðstoðina (þ.e. aðstoðarfjárhæðin að viðbættum ólögætisvöxtum),
- b) að Eftirlitsstofnun EFTA lýsir aðstoðina samrýmanlega EES-samningnum leysir það landsdómstóllinn undan þeirri skyldu samkvæmt EES-rétti að mæla fyrir um fulla endurgreiðslu<sup>(85)</sup>. Dómstóllinn getur því, með fyrirvara um ákvæði landsréttar<sup>(86)</sup>, mælt fyrir um að sjálf aðstoðarfjárhæðin verði afhent viðtakanda aðstoðarinnar. Aftur á móti gildir sú regla, eins og fram kemur í undirkafla 1.2.3, að landsdómstólum er eftir sem áður skylt að framfylgja ákvæðum 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól með því að mæla fyrir um innheimtu ólögætisvaxta<sup>(87)</sup>. Því er skylt að greiða stjórnvaldinu, sem veitti ríkisaðstoðina, þessa ólögætisvexti.

### 1.3 Hlutverk landsdómstóla við fullnustu ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA um að ríkisaðstoð sé óheimil og skuli endurgreidd

60. Ríkisaðstoðarmál geta einnig komið til kasta landsdómstóla þótt Eftirlitsstofnun EFTA hafi þegar mælt fyrir um endurgreiðslu. Flest slík mál munu höfðuð til ógildingar innlendra fyriræla um endurgreiðslu, en þriðju aðilar geta einnig krafist skaðabóta frá stjórnvöldum í landinu þegar farist hefur fyrir að fullnusta endurgreiðsluákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA.

#### 1.3.1 Málshöfðun til að fá hnekk endurgreiðslufyrirælum landsyfivalda

61. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ber stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum að fullnusta endurgreiðsluákvörðanir án tafar. Endurgreiðsla fer fram í samræmi við fyriræli landslaga, að því tilskildu að þau heimili tafarlausa og skilvirka framkvæmd endurgreiðsluákvörðunarinnar. Standi tiltekin réttarfarsregla landsréttar í vegi fyrir því að endurgreiðsla fari fram tafarlaust og/eða á skilvirkan hátt ber landsdómstólum að horfa fram hjá slíku ákvæði<sup>(88)</sup>.
62. Höfða má mál fyrir landsdómstóli til að fá hnekk endurgreiðslufyrirælum landsyfivalda sem gefin eru út til fullnustu endurgreiðsluákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA. Reglum um slíka málshöfðun er lýst nánar í leiðbeinandi reglum stofnunarinnar um ríkisaðstoð, kaflanum um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmet og ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins<sup>(89)</sup>, og eru þær í meginráttum eins og lýst er hér á eftir.
63. Þess er helst að gæta að með málshöfðun fyrir landsdómstóli er ekki unnt að fá hnekk þeirri ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sem að baki liggur ef þannig stendur á að stefnandi hefði getað höfðað mál í því skyni fyrir EFTA-dómstólum beint<sup>(90)</sup>. Þetta merkir einnig að í þeim tilvikum að málshöfðun samkvæmt 36. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól hefði komið til greina er landsdómstóli óheimilt að fresta fullnustu endurgreiðsluákvörðunar með vísan til ástæðna sem varða gildi ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA<sup>(91)</sup>.
64. Ef ekki er ljóst hvort stefnanda er heimilt að höfða ógildingarmál í samræmi við 36. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól (t.d. vegna þess að ráðstöfunin, sem um ræðir, var viðtækt aðstoðarkerfi þess eðlis að stefnanda reynist ógerlegt að sýna fram á einstaklingsbundna hagsmunu) gildir sú meginregla að landsdómstóllinn verður að veita lagavernd. Þegar þannig stendur á að málshöfðunin lýtur að gildi og lögmeti ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA ber dómara að fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.
65. Til þess að heimilt sé að veita bráðabirgðaurlausn við slíkar aðstæður verður mjög ströngum skilyrðum að vera fullnægt samkvæmt niðurstöðu Evrópudómstólsins í „Zuckerfabrik“-málinu<sup>(92)</sup> og „Atlanta“-málinu<sup>(93)</sup>: Landsdómstóli er aðeins heimilt að fresta fullnustu endurgreiðslufyriræla sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt: i) Dómstóllinn telji verulegan vafa leika á að stjórnvaldsákvörðunin sé gild. Ef gildi hinnar umdeildu ákvörðunar er ekki þegar til umfjöllunar hjá EFTA-dómstólum ber dómstólum að fylgja

<sup>(84)</sup> Mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 44. mgr.

<sup>(85)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 46. og 55. mgr.

<sup>(86)</sup> Sjá 34. mgr. hér á undan.

<sup>(87)</sup> Mál C-199/06 *CELF og Ministre de la Culture et de la Communication*, 52. og 55. mgr.

<sup>(88)</sup> Mál C-232/05 *Framkvæmdastjórn gegn franska ríkinu*, („Scott“) 49.–53. mgr.

<sup>(89)</sup> Stjótið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32, og EES-viðbætur nr. 23, 21.4.2011, bls. 1. Sá kafla samsvarar auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar með fyrirsögninni Skilvirkari framkvæmd ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um endurheimtu aðildarríkja á ríkisaðstoð sem er ólögmet og ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum (Stjótið. ESB C 272, 15.11.2007, bls. 4).

<sup>(90)</sup> Sjá tilvísanir í 25. nmgr.

<sup>(91)</sup> Mál C-232/05 *Framkvæmdastjórn gegn franska ríkinu*, („Scott“), 59. og 60. mgr.

<sup>(92)</sup> Sameinuð mál C-143/88 og C-92/89 *Zuckerfabrik Süderdithmarschen og Zuckerfabrik Soest gegn Hauptzollamt Itzehoe og Hauptzollamt Paderborn*, dómásafn 1991, bls. 1-415, 33. mgr.

<sup>(93)</sup> Mál C-465/93 *Atlanta Fruchthandels-gesellschaft o.fl. gegn Bundesamt für Ernährung und Forstwirtschaft*, dómásafn 1995, bls. 1-3761, 51. mgr.



málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. ii) Bregðast þurfi skjótt við í þeim skilningi að bráðabirgðáurlausn sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir að umsækjandi verði fyrir verulegum og óbætanlegum skaða. iii) Dómstóllinn taki fullt tillit til hagsmuna EES-rikkjanna í heild. Við mat á hverju þessara skilyrða verður landsdómstóllinn að virða alla úrskurði EFTA-dómstólsins sem lúta að lögmæti ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA eða +málaleitan+ um bráðabirgðáurlausn á vettvangi EES<sup>(94)</sup>.

#### 1.3.2 *Skaðabætur þegar farist hefur fyrir að fullnusta endurgreiðsluákvörðun*

66. Þegar stjórnvöld í EFTA-riki hafa látið hjá líða að fylgja eftir ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðslu, í samræmi við 14. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, lítur stofnunin svo á að, rétt eins og þegar um ræðir brot á stöðvunarákvæðinu, geti slíkt verið tilefni til skaðabótakröfu samkvæmt dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins<sup>(95)</sup>. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að farið skuli með slíkar skaðabótakröfur með hliðstæðum hætti og þegar um ræðir brot á stöðvunarákvæðinu<sup>(96)</sup>. Þetta stafar af því að i) skylda stjórnvalda í EFTA-rikinu til að krefjast endurgreiðslu á aðstoðinni hefur það að markmiði að vernda sömu einstaklingsbundnu réttindi og stöðvunarákvæðið, og ii) landsyfirvöld hafa engin matsvik þegar kemur að framkvæmd endurgreiðsluákvæðana Eftirlitsstofnunar EFTA; brot á þeirri skyldu að krefjast endurgreiðslu á aðstoðinni teljast því að meginsteftnu til nægilega alvarleg. Hvort skaðabótakrafa, sem lögð er fram þegar farist hefur fyrir að fullnusta endurgreiðsluákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA, getur náð fram að ganga er af þessum sökum einnig undir því komið hvort stefnandi getur sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tapi sem rekja megi beinlínis til þess að endurgreiðsla hafi tafist<sup>(97)</sup>.

#### 1.4 *Réttarreglur og málsaðild fyrir landsdómstólum*

##### 1.4.1 *Meginsjónarmið*

67. Landsdómstólum ber skylda til að framfylgja stöðvunarákvæðinu og vernda rétt einstaklinga gagnvart ólögmati veitingu ríkisaðstoðar. Að meginsteftnu til gilda um slíkan málarekstur réttarfarsreglur landsréttar<sup>(98)</sup>. Beiting landsréttar við þessar aðstæður er þó bundin tveimur ófrávikjanlegum skilyrðum:

- Þær réttarfarsreglur landsréttar, sem stuðst er við í tengslum við kröfur samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, mega ekki vera óhagfelldari en þær sem beitt er í tengslum við kröfur samkvæmt landsrétti (jafngildisreglan)<sup>(99)</sup> og
- réttarfarsreglur landsréttar mega ekki torvelða úr hófi eða gera því sem næst ómögulegt að neyta réttinda samkvæmt EES-rétti (skilvirknisreglan)<sup>(100)</sup>.

68. Í víðara skilningi verða landsdómstólar að horfa fram hjá réttarfarsreglum landsréttar ef beiting þeirra væri brot gegn megin sjónarmiðunum sem lýst er í 67. mgr.

##### 1.4.2 *Málsaðild*

69. Skilvirknisreglan hefur bein áhrif á það hvort hugsanlegir stefnendur geta átt aðild að máli sem höfðað er fyrir landsdómstólum samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Í þessu tilliti gildir sú krafa samkvæmt EES-rétti að reglur landsréttar um málsaðild grafi ekki undan réttinum til skilvirkrar réttarverndar<sup>(101)</sup>. Reglur landsréttar mega því ekki takmarka málsaðild við þá sem eru keppinautar viðtakanda aðstoðarinnar<sup>(102)</sup>. Þriðju aðilar, sem líða ekki fyrir samkeppnisröskun vegna aðstoðarráðstöfunarinnar, geta einnig haft af því nægilega lagalega hagsmuni, þótt af öðru tagi séu (eins og viðurkennt hefur verið í málum sem varða skattgreiðslur), að höfða mál fyrir landsdómstóli<sup>(103)</sup>.

##### 1.4.3 *Aðild að málum sem varða skattgreiðslur*

70. Sú dómaframkvæmd, sem vísað er til hér á undan, hefur einkar mikla þýðingu í tengslum við ríkisaðstoð sem er veitt sem undanþága frá skattgreiðslum og öðrum fjárhagsskuldbindingum. Í slíkum tilvikum geta einstaklingar, sem njóta ekki sams konar undanþágu, höfðað mál samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól til þess að fá hnekk ákvörðun um sína skattbyrði<sup>(104)</sup>.

<sup>(94)</sup> Um frekari leiðbeiningar sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, 57. mgr. kaflans um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmat og ósamrýmanleg ákvæðum EES-samningsins.

<sup>(95)</sup> Mál E-9/97 *Erla María Sveinbjörnsdóttir gegn íslenska ríkinu*, 59.–63. og 66.–69. mgr., og mál E-4/01 *Karl K. Karlsson gegn íslenska ríkinu*, 32., 37.–38., 40. og 47. mgr.

<sup>(96)</sup> Sjá undirkafla 1.2.4 hér á undan.

<sup>(97)</sup> Sjá 46.–49. mgr. hér á undan.

<sup>(98)</sup> Mál C-368/04 *Transalpine Ölleitung in Österreich*, 45. mgr., og mál C-526/04 *Laboratoires Boiron*, dómasafn 2006, bls. I-7529, 51. mgr.

<sup>(99)</sup> Mál E-4/01 *Karl K. Karlsson gegn íslenska ríkinu*, 33. mgr. Sjá einnig mál C-368/04 *Transalpine Ölleitung in Österreich*, 45. mgr., sameinuð mál C-392/04 og C-422/04 *i-21 Germany*, dómasafn 2006, bls. I-8559, 57. mgr., og mál 33/76 *Rewe*, dómasafn 1976, bls. 1989, 5. mgr.

<sup>(100)</sup> Mál E-4/01 *Karl K. Karlsson gegn íslenska ríkinu*, 33. mgr. Sjá einnig mál C-368/04 *Transalpine Ölleitung in Österreich*, 45. mgr., mál C-174/02 *Streekgewest*, dómasafn 2005, bls. I-85, 18. mgr., og mál 33/76 *Rewe*, 5. mgr.

<sup>(101)</sup> Mál C-174/02 *Streekgewest*, 18. mgr.

<sup>(102)</sup> Mál C-174/02 *Streekgewest*, 14.–21. mgr.

<sup>(103)</sup> Mál C-174/02 *Streekgewest*, 19. mgr.

<sup>(104)</sup> Ef tilteknum atvinnugreinum eða framleiðendum er íþyngt með sérstaklega mikilli skattbyrði getur það einnig talist hafa í för með sér ríkisaðstoð í þágu annarra fyrirtækja, sjá mál C-487/06 P, *British Aggregates Association gegn framkvæmdastjórn*, dómur frá 22. desember 2008, dómasafn 2008, bls. I-10505, 81.–86. mgr.

71. Þó geta þriðju aðilar úr hópi skattgreiðenda aðeins vísað til stöðvunarákvæðisins þegar eigin skattgreiðslur þeirra eru óaðskiljanlegur hluti hinnar ólögmaðu ríkisaðstoðarráðstöfunar<sup>(105)</sup>. Dæmi um þetta er þegar skatttekjur renna samkvæmt viðeigandi reglum landsréttar eingöngu til þess að standa stráum af hinni ólögmaðu ríkisaðstoð og hafa þeir áhrif á fjárhæð þeirrar ríkisaðstoðar sem veitt hefur verið í trássi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(106)</sup>.
72. Þegar um ræðir undanþágur frá almennum skattgreiðslum er ofangreindum skilyrðum að jafnaði ekki fullnægt. Fyrirtæki, sem greiðir slíka skatta, getur því yfirleitt ekki vísað til þess að undanþága einhvers annars sé ólögmað samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(107)</sup>. Það leiðir einnig af viðtekinni dómafrákvæmd Evrópudómstólsins að þótt ólögmað skattundanþága sé einnig látin ná til stefnanda er það ekki viðunandi úrlausn þegar um ræðir brot á 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Með ráðstöfun af því tagi væri ekki dregið úr samkeppnisraskandi áhrifum hinnar ólögmaðu aðstoðar, heldur yrðu þau þvert á móti meiri<sup>(108)</sup>.

#### 1.4.4 Gagnasöfnun

73. Skilvirknisreglan getur einnig haft áhrif á það hvernig gagnasöfnun fer fram. Sem dæmi má nefna að þegar sönnunarbyrði að því er varðar tiltekna kröfu gerir stefnanda það ómögulegt eða torvelt úr hófi að rökstyðja kröfuna (t.d. vegna þess að hann hefur ekki nauðsynleg gögn undir höndum) ber landsdómstólum að beita öllum þeim ráðum, sem tiltæk eru samkvæmt réttarfarsákvæðum landsréttar, til þess að tryggja stefnanda aðgang að þeim gögnum. Hér getur meðal annars verið um það að ræða, þegar ákvæði eru um slíkt í landsrétti, að landsdómstólum sé skylt að fyrirskipa stefnda eða þriðja aðila að láta stefnanda í té nauðsynleg skjöl<sup>(109)</sup>.

## 2 Stuðningur sem Eftirlitsstofnun EFTA getur veitt landsdómstólum

74. Samkvæmt 3. gr. EES-samningsins, sem er sniðin eftir 10. gr. EB-sáttmálans, ber samningsaðilum að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við skuldbindingar sem af EES-samningnum leiðir og auðveldaða samvinnu innan ramma samningsins<sup>(110)</sup>. Samkvæmt dómafrákvæmd Evrópudómstólsins leiðir af 10. gr. EB-sáttmálans að framkvæmdastjórninni ber að liðsinna landsdómstólum við beitingu ákvæða EB-réttar<sup>(111)</sup>. Að hinu leytinu getur sú skylda hvílt á landsdómstólum að liðsinna framkvæmdastjórn Evrópu-bandalaganna við þau verkefni sem koma til kasta hennar<sup>(112)</sup>. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að henni sé á sama hátt skylt að sinna dyggu samstarfi við landsdómstóla í EFTA-rikjunum á grundvelli samsvarandi ákvæða í 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.
75. Að teknu tilliti til þess mikilvæga hlutverks, sem landsdómstólar leika í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna, lýsir Eftirlitsstofnun EFTA sig reiðubúna að liðsinna landsdómstólum hvenær sem þeim virðist slík aðstoð nauðsynleg vegna ákvörðunar um mál sem fyrir þeim liggur. Þó að þegar hafi verið gert ráð fyrir því í áðurgildandi kafla leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, sem bar heitið „Samstarf innlendra dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar“<sup>(113)</sup> að landsdómstólar gætu leitað eftir aðstoð frá Eftirlitsstofnun EFTA hafa dómstólar ekki nýtt sér þetta að ráði. Stofnunin telur því vert að reyna að nýju að koma á nánara samstarfi við landsdómstóla með því að koma upp heppilegri og hentugri stuðningsaðferðum. Í þessu tilliti er tekið mið af tilkynningu stofnunarinnar um samstarf Eftirlitsstofnunar EFTA og dómstóla í EFTA-rikjunum í tengslum við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins<sup>(114)</sup>.
76. Eftirlitsstofnun EFTA getur veitt landsdómstólum stuðning á tvennan ólíkan hátt:
- Landsdómstóll getur beðið stofnunina um upplýsingar sem hún hefur undir höndum og varða viðkomandi mál (sjá undirkafla 2.1 hér á eftir).
  - Landsdómstóll getur leitað álits stofnunarinnar varðandi beitingu ríkisaðstoðarreglna (sjá undirkafla 2.2 hér á eftir).

<sup>(105)</sup> Mál C-174/02 *Streekgewest*, 19. mgr.

<sup>(106)</sup> Sameinuð mál C-393/04 og C-41/05 *Air Liquide*, 46. mgr., sameinuð mál C-266/04 til C-270/04, C-276/04 og C-321/04 til C-325/04 *Casino France o.fl.*, dómasafn 2005, bls. I-9481, 40. mgr., og mál C-174/02 *Streekgewest*, 26. mgr.

<sup>(107)</sup> Sameinuð mál C-393/04 og C-41/05 *Air Liquide*, 48. mgr., og sameinuð mál C-266/04 til C-270/04, C-276/04 og C-321/04 til C-325/04 *Casino France o.fl.*, 43. og 44. mgr.

<sup>(108)</sup> Sameinuð mál C-393/04 og C-41/05 *Air Liquide*, 45. mgr.

<sup>(109)</sup> Mál C-526/04 *Laboratoires Boiron*, 55. og 57. mgr.

<sup>(110)</sup> Sjá einnig, í þessu tilliti, 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, en í henni stendur: „EFTA-rikin skulu gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir. Þau skulu varast ráðstafanir sem teft geta því í tvisýnu að markmiðum samnings þessa verði náð.“

<sup>(111)</sup> Mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 50. mgr., Ákvörðun frá 13. júlí 1990 í máli C-2/88 *Imm. Zwartveld o.fl.*, dómasafn 1990, bls. I-3365, 16.–22. mgr., og mál C-234/89 *Delimitis gegn Henninger Bräu*, dómasafn 1991, bls. I-935, 53. mgr.

<sup>(112)</sup> Mál C-94/00 *Roquette Frères*, dómasafn 2002, bls. I-9011, 31. mgr.

<sup>(113)</sup> Stjtið. ESB L 274, 26.10.2000, bls. 19, og EES-viðbætur nr. 48, 26.10.2000, bls. 33. Sá kafla samsvaraði auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um samstarf landsdómstóla og framkvæmdastjórnarinnar á sviði ríkisaðstoðar (Stjtið. EB C 312, 23.11.1995, bls. 8)

<sup>(114)</sup> Stjtið. ESB C 305, 14.12.2006, bls. 19, EES-viðbætur nr. 62, 14.12.2006, bls. 21 (15.–30. mgr.). Sú auglýsing samsvarar auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um samstarf framkvæmdastjórnarinnar og dómstóla í aðildarríkjum Evrópusambandsins í tengslum við beitingu 81. og 82. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB C 101, 27.4.2004, bls. 54).

77. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA liðsinnir landsdómstólum verður hún að gæta þagnarskyldu sinnar og standa vörð um eigin störf og sjálfstæði <sup>(115)</sup>. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA framfylgir skyldum sínum við landsdómstóla samkvæmt 3. mgr. EES-samningsins ber henni því að gæta fyllsta hlutleysis og hlutlægni. Liðsinni Eftirlitsstofnunar EFTA við landsdómstóla er raunar sprottið af þeirri skyldu að standa vörð um almannahagsmuni, og stofnunin hefur því ekki í hyggju að þjóna einkahagsmunum aðila að máli sem er rekið fyrir landsdómstólum. Af þeim sökum mun stofnunin ekki taka fyrir nein erindi aðila að máli fyrir landsdómstóli er varða liðsinni hennar við viðkomandi dómstól.
78. Landsdómstólum er í sjálfsvald sett hvort þeir þiggja liðsinni samkvæmt þessum kafla, og það er veitt með fyrirvara um rétt viðkomandi landsdómstóls til að fara fram á ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins varðandi túlkun eða gildi EES-réttar í samræmi við ákvæði 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.
- 2.1 Landsdómstólum afhentar upplýsingar**
79. Sú skylda Eftirlitsstofnunar EFTA að liðsinna landsdómstólum við beitingu ríkisaðstoðarreglna felur í sér að stofnuninni er skylt að afhenda dómstólunum upplýsingar sem hún hefur undir höndum og varða viðkomandi mál <sup>(116)</sup>.
80. Upplýsingar af eftirfarandi tagi eru meðal þeirra sem landsdómstóll getur óskað eftir að fá afhentar frá stofnuninni:
- Upplýsingar um yfirstandandi málsmeðferð hjá stofnuninni; þetta geta meðal annars verið upplýsingar um hvort athugun á tiltekinni aðstoðarráðstöfun stendur yfir hjá stofnuninni, hvort tiltekin aðstoðarráðstöfun hefur verið tilkynnt á tilhlýðilegan hátt í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókonar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, hvort stofnunin hefur hafið formlega rannsókn og hvort hún hefur þegar tekið ákvörðun <sup>(117)</sup>. Ef engin ákvörðun liggur fyrir getur landsdómstóllinn beðið Eftirlitsstofnun EFTA að greina frá því hvenær líklegt sé að svo verði.
  - Þá geta landsdómstólar óskað eftir að fá í hendur skjöl sem stofnunin hefur undir höndum. Þar getur verið um að ræða afrit af fyrirleggjandi ákvörðunum stofnunarinnar, þ.e. þá kafla þeirra sem ekki hafa verið birtir á vefsetri stofnunarinnar, atvikalýsingar, töluleg gögn, markaðsathuganir og efnahagsgreiningar.
81. Til þess að samstarfið við landsdómstóla verði sem skilvirkast verða beiðnir um upplýsingar teknar fyrir svo skjótt sem unnt er. Eftirlitsstofnun EFTA mun leitast við að láta landsdómstólum í té gögn, sem óskað er eftir, áður en mánuður er liðinn frá því að erindi berst. Reynist nauðsynlegt að afla frekari skýringa frá landsdómstólum telst þessi mánuður byrja að liða þegar skýringarnar eru fengnar. Ef stofnunin þarf að bera afhendinguna undir þriðju aðila, sem upplýsingamiðlunin varðar beint, telst mánuðurinn byrja að liða þegar því er lokið. Þetta getur til að mynda átt við um tilteknar tegundir upplýsinga sem borist hafa frá einstaklingi <sup>(118)</sup> svo og þegar dómstóll í EFTA-ríki óskar eftir að fá afhentar upplýsingar sem borist hafa frá öðru EFTA-ríki.
82. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA afhendir landsdómstólum upplýsingar ber henni að virða þá vernd sem einstaklingum og lögaðilum er tryggð með ákvæðum 122. gr. EES-samningsins og 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(119)</sup>. Samkvæmt 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól eru stjórnarmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, embættismenn og aðrir starfsmenn hennar bundnir þagnarskyldu um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra. Samkvæmt 122. gr. EES-samningsins skulu fulltrúar, sendimenn og sérfræðingar samningsaðila, svo og embættismenn og aðrir starfsmenn, bundnir þagnarskyldu, sem helst enda þótt þeir láti af störfum, um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra. Hér getur verið um að ræða trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál.
83. Samantekin ákvæði 3. og 122. gr. EES-samningsins og 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól fela ekki í sér algert bann við því að Eftirlitsstofnun EFTA afhendi landsdómstólum upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu. Dómstólar Evrópubandalagsins hafa staðfest að skyldan til að viðhafa dyggt samstarf feli í sér að framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna sé skylt að afhenda landsdómstóli hverjar þær upplýsingar sem hann leitast eftir <sup>(120)</sup>. Eftirlitsstofnun EFTA tekur sömu afstöðu og telur að þetta taki einnig til upplýsinga sem falla undir þagnarskyldu.
84. Þegar stofnunin hefur í hyggju að afhenda landsdómstóli upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu mun hún af þeim sökum minna dómstólinn á skyldur sem 122. gr. EES-samningsins og 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól leggja honum á herðar. Stofnunin mun þá biðja dómstólinn að staðfesta að hann geti tryggt og muni tryggja vernd trúnaðarupplýsinga og viðskiptaleyndarmála. Ef landsdómstóllinn getur ekki tryggt þetta verða viðkomandi upplýsingar ekki afhentar <sup>(121)</sup>. Ef landsdómstóllinn hefur á hinn bóginn lýst yfir að þetta sé tryggt verða upplýsingarnar afhentar.

<sup>(115)</sup> Ákvörðun frá 6. desember 1990 í máli C-2/88 Imm. *Zwartveld o.fl.*, dómasafn 1990, bls. I-4405, 10. og 11. mgr., og mál T-353/94 *Postbank gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1996, bls. II-921, 93. mgr.

<sup>(116)</sup> Mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 50. mgr., ákvörðun frá 13. júlí 1990 í máli C-2/88 Imm. *Zwartveld o.fl.*, 17.–22. mgr., mál C-234/89 *Delimitis gegn Henninger Bräu*, 53. mgr., og mál T-353/94 *Postbank gegn framkvæmdastjórn*, 64. og 65. mgr.

<sup>(117)</sup> Þegar þessar upplýsingar hafa verið afhentar getur landsdómstóllinn óskað eftir að fá reglulega fréttir af framvindu mála.

<sup>(118)</sup> Mál T-353/94 *Postbank gegn framkvæmdastjórn*, 91. mgr.

<sup>(119)</sup> Mál C-234/89 *Delimitis gegn Henninger Bräu*, 53. mgr., og mál T-353/94 *Postbank gegn framkvæmdastjórn*, 90. mgr.

<sup>(120)</sup> Mál T-353/94 *Postbank gegn framkvæmdastjórn*, 64. mgr., og ákvörðun frá 13. júlí 1990 í máli C-2/88 Imm. *Zwartveld o.fl.*, 16.–22. mgr.,

<sup>(121)</sup> Mál T-353/94 *Postbank gegn framkvæmdastjórn*, 93. mgr., og ákvörðun frá 6. desember 1990 í máli C-2/88 Imm. *Zwartveld o.fl.*, 10. og 11. mgr.

85. Ýmsar aðrar aðstæður geta hugsast þar sem eitthvað stendur í vegi fyrir því að Eftirlitsstofnun EFTA afhendi landsdómstóli upplýsingar. Hér er einkum að nefna að stofnunin getur sýnað ósk landsdómstóls um afhendingu upplýsinga þegar slíkt gæti hindrað framkvæmd EES-samningsins. Dæmi um þetta væri ef afhending upplýsinganna gæti gert Eftirlitsstofnun EFTA erfitt um vik að vinna þau störf sem henni hafa verið falin <sup>(122)</sup> (t.d. þegar um ræðir upplýsingar um feril ákvarðanatöku í stofnuninni).

## 2.2 *Álit um úrlausnarefni sem varða beitingu ríkisaðstoðarreglnanna*

86. Þegar mál, sem kemur til kasta landsdómstóls, kallar á beitingu ríkisaðstoðarreglnanna verður dómstóllinn að taka mið af öllum viðkomandi EES-reglum á sviði ríkisaðstoðar svo og fyrirbyggjandi dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópubandalagsins. Landsdómstóll getur jafnframt leitað leiðsagnar í eldri ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA og leiðbeinandi reglum sem stofnunin hefur gefið út um beitingu ríkisaðstoðarreglnanna. Aðstæður geta þó verið með þeim hætti að ofangreint veiti landsdómstólum ekki fullnægjandi leiðsögn um málsatriðin sem eru til umfjöllunar. Með vísan til þeirra skyldna sem hvíla á Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt 3. mgr. EES-samningsins, og að teknu tilliti til þess mikilvæga og flókna hlutverks sem landsdómstólar gegna í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna, gefur stofnunin landsdómstólum því kost á að leita álits stofnunarinnar um atriði sem varða beitingu ríkisaðstoðarreglnanna <sup>(123)</sup>.
87. Álit stofnunarinnar getur í slíkum tilvikum tekið til allra efnahagsatriða, atvika og lagaþátta sem komið geta til skoðunar við málsmeðferð fyrir landsdómstóli <sup>(124)</sup>. Af augljósum ástæðum geta málefni, sem varða túlkun EES-réttar, einnig orðið til þess að landsdómstóll fari fram á ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í samræmi við 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.
88. Eftirtalin atriði eru meðal þeirra sem hugsast getur að Eftirlitsstofnun EFTA gefi út álit um:
- Hvort tiltekin ráðstöfun skuli teljast ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins, og þá hvernig aðstoðarfjárhæðin skuli reiknuð nákvæmlega. Álit af þessu tagi getur varðað öll þau viðmið sem nefnd eru í 61. gr. EES-samningsins (þ.e. að hagræði hafi skapast, að um sé að ræða aðstoð sem EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum, að aðstoðin geti raskað samkeppni og að hún hafi áhrif á viðskipti milli samningsaðila).
  - Hvort tiltekin aðstoðarráðstöfun fullnægir tilteknum skilyrðum reglugerðar um almenna hópundanþágu með þeim afleiðingum að ekki er nauðsynlegt að tilkynna ráðstöfunina sem einstaka aðstoð og stöðvunarákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól á ekki við.
  - Hvort tiltekin aðstoðarráðstöfun fellur undir aðstoðarkerfi sem tilkynnt hefur verið Eftirlitsstofnun EFTA og hún hefur heimilað eða flokkast af öðrum ástæðum sem „yfirstandandi aðstoð“. Í slíkum tilvikum gildir einnig að stöðvunarákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól á ekki við.
  - Hvort aðstæður teljast undantekningartilvik (eins og það er skilgreint í „SFEI“-dómi Evrópu dómstólsins <sup>(125)</sup>) sem hefur þær afleiðingar að landsdómstólum getur ekki mælt fyrir um fulla endurgreiðslu að EES-rétti.
  - Ef landsdómstóll þarf að mæla fyrir um innheimtu vaxta getur hann leitað aðstoðar Eftirlitsstofnunar EFTA við útreikning vaxta og ákvörðun vaxtaþrósentu.
  - Lagalegar forsendur skaðabótakrafna að EES-rétti og atriði sem varða útreikning á skaða.
89. Eins og fram kemur í 17. mgr. hér á undan er mat á því hvort aðstoðarráðstöfun er samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins, með vísan til 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA einnar. Lögsaga landsdómstóla nær ekki til mats á því hvort aðstoðarráðstöfun er samrýmanleg EES-samningnum. Eftirlitsstofnun EFTA getur af þessum sökum ekki gefið út álit varðandi samrýmanleika, en landsdómstóll getur engu að síður farið fram á upplýsingar um málsmeðferð, þ.e. hvort stofnunin hefur þegar til athugunar (eða hyggst taka til athugunar) hvort tiltekin aðstoðarráðstöfun er samrýmanleg samningnum, og þá hvenær líklegt má telja að ákvörðun verði tekin <sup>(126)</sup>.
90. Eftirlitsstofnun EFTA mun í áliti sínu binda sig við að veita landsdómstólum þær upplýsingar um málsatvik eða þær efnahagslegu eða lagalegu skýringar sem leitað er eftir, án þess að taka málið, sem liggur fyrir landsdómstólum, til efnislegrar skoðunar. Þá bindur álit stofnunarinnar landsdómstóllinn ekki lagalega.
91. Til þess að stuðla að sem mestum árangri af samstarfi Eftirlitsstofnunar EFTA við landsdómstóla verða erindi þar sem farið er fram á álit stofnunarinnar afgreidd svo skjótt sem unnt er. Eftirlitsstofnun EFTA mun leitast við að láta landsdómstólum í té álit, sem óskað er eftir, áður en fjórir mánuðir eru liðnir frá því að erindi berst. Reynist nauðsynlegt að afla frekari skýringa á erindinu frá landsdómstólum telst þetta fjögurra mánaða tímabil byrja að líða þegar þær skýringar eru fengnar.

<sup>(122)</sup> Ákvörðun frá 6. desember 1990 í máli C-2/88 Imm. *Zwartveld o.fl.*, 11. mgr., mál C-275/00 *First og Franex*, dómasafn 2002, bls. I-10943, 49. mgr., og mál T-353/94 *Postbank gegn framkvæmdastjórn*, 93. mgr.

<sup>(123)</sup> Sjá mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 50. mgr.

<sup>(124)</sup> Sjá þó 89. mgr. hér á eftir.

<sup>(125)</sup> Mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 70. og 71. mgr., sbr. álit Jacobs lögsögumanns í þessu máli, 73.–75. mgr., sjá einnig mál 223/85 *RSV gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1987, bls. 4617, 17. mgr., og mál C-5/89 *Framkvæmdastjórn gegn þýska ríkinu*, dómasafn 1990, bls. I-3437, 16. mgr.

<sup>(126)</sup> Sjá 80. mgr. hér á undan.

92. Í þessu sambandi þarf þó að athuga að sú almenna skylda landsdómstóla að standa vörð um einstaklingsbundin réttindi í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól helst virk á tímanum sem það tekur Eftirlitsstofnun EFTA að taka saman umbeðið álit. Ástæðan er sú, eins og fram kemur í 59. mgr. hér á undan, að sú skylda landsdómstóls að standa vörð um einstaklingsbundin réttindi í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er óháð því hvort enn er beðið úrskurðar frá stofnuninni <sup>(127)</sup>.
93. Eins og þegar hefur verið tekið fram, sjá 77. mgr. hér á undan, mun Eftirlitsstofnun EFTA ekki taka fyrir nein erindi málsaðila áður en hún afhendir landsdómstóli álit sitt. Notkun á álitum Eftirlitsstofnunar EFTA í málarekstri fyrir landsdómstóli er háð viðeigandi réttarfræðisreglum landsréttar, en þær reglur verða að vera í samræmi við grundvallarreglur EES-réttar.

### 2.3 Hagnýtar upplýsingar

94. Landsdómstólar geta sent á neðangreint póstfang öll erindi sem varða aðstoð samkvæmt undirköflum 2.1 og 2.2 hér á undan, svo og allar aðrar spurningar, skriflegar eða munnlegar, sem varða ríkisaðstoðarmál og vakna í daglegum störfum þeirra:

Eftirlitsstofnun EFTA  
Rue Belliard 35  
B-1040 Brussel/Bruxelles  
Belgium  
Sími: 0032 2 286 18 11  
Bréfasími: 0032 2 286 18 00  
Netfang: [registry@eftasurv.int](mailto:registry@eftasurv.int)

95. Yfirlit um samstarf Eftirlitsstofnunar EFTA við landsdómstóla samkvæmt þessum kafla verður birt í ársskýrslu stofnunarinnar. Álit og athugasemdir stofnunarinnar kunna einnig að verða birt á vefsetri hennar.

### 3 Lokaákvæði

96. Kaflinn, sem hér birtist, er gefinn út með það markmið fyrir augum að liðsinna landsdómstólum við beitingu ríkisaðstoðarreglna. Ákvæði hans eru ekki bindandi fyrir dómstólana og skerða ekki sjálfstæði þeirra. Þá gilda ákvæði kaflans með fyrirvara um réttindi og skyldur EFTA-rikkjanna, einstaklinga og lögaðila að EES-rétti.
97. Þessi kafli leysir af hólmi áðurgildandi kafla í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð með fyrirsögninni „Samstarf innlendra dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar“.
98. Eftirlitsstofnun EFTA hyggst endurskoða ákvæði kaflans þegar fimm ár eru liðin frá útgáfu hans.

<sup>(127)</sup> Undir þetta geta fallið bráðabirgðaráðstafanir eins og þær sem fjallað er um í undirkafla 1.2.6 hér á undan.

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Kæra VTM Fundmanagement AG gegn Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 9. mars 2011**

**2011/EES/25/02**

**(Mál E-6/11)**

Hinn 9. mars 2011 lagði VTM Fundmanagement AG fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru gegn Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirsvari eru Dr. Michael Sánchez Rydelski, Rechtsanwalt, frá lögmannsstofunni Steptoe & Johnson LLP, Avenue Louise 240, BE-1050 Brussel, Belgíu og Dr. Hans-Michael Pott, Rechtsanwalt, frá lögmannsstofunni Sernetz Schäfer Rechtsanwälte, Berliner Allee 10, 40212 Düsseldorf, Þýskalandi.

Kröfur VTM Fundmanagement AG eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn ógildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 416/10/COL frá 3. nóvember 2010 varðandi skattlagningu fjárfestingarfyrirtækja samkvæmt skattalögum Liechtensteins.
2. Til vara lýsi dómstóllinn ógildar 3. og 4. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 416/10/COL frá 3. nóvember 2010, að því marki sem í þeim felist úrskurður um að aðstoðin, sem um getur í 1. gr. þeirrar ákvörðunar, skuli endurgreidd; og
3. Dómstóllinn geri Eftirlitsstofnun EFTA að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:*

- Eftirlitsstofnun EFTA lýsti því yfir í ákvörðun 416/10/COL frá 3. nóvember 2010 að aðstoðarráðstöfun stjórnvalda í Liechtenstein í þágu fjárfestingarfélaga, sem var felld úr gildi frá og með 30. júní 2006, samrýmdist ekki 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- Eftirlitsstofnun EFTA komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að meint aðstoð fæli í sér ólöglega aðstoð og að fjárfestingarfélög, sem tóku við henni frá 15. mars 1997 til þess dags þegar aðstoðarþegar nutu síðast ávinnings af skattundanþágunum þar til þær voru felldar úr gildi 2006, skyldu endurgreiða hana.
- Sóknaraðili telur að Eftirlitsstofnun EFTA hafi:
  - beitt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins á rangan hátt,
  - haft rangt fyrir sér þegar hún fyrirskipaði endurgreiðslu hinnar meintu aðstoðar,
  - ekki sett fram viðhlítandi rökstuðning, eins og gerð er krafa um í 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**

**2011/EES/25/03**

**(mál COMP/M.5900 – LGI/KBW)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. apríl 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Liberty Global Inc. („LGI“), fyrir milligöngu Liberty Global Europe Holding B.V., hollensks dótturfélags síns í einkaeigu, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Kabel Baden-Württemberg GmbH & Co. KG („KBW“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - LGI: alþjóðlegur rekstraraðili breiðbandskapalkefís sem býður viðskiptavinum þjónustu á sviði myndaleigu, síma og Internets
  - KBW: svæðisbundinn rekstraraðili breiðbandskapalkefís í Þýskalandi, sem býður viðskiptavinum í þýska sambandsríkinu Baden-Württemberg þjónustu á sviði sjónvarps, Internets um breiðband og síma
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 131, 3. maí 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5900 – LGI/KBW, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.6148 – BMW/SIXT/DriveNow JV)**

2011/EES/25/04

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. apríl 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Bayerische Motorenwerke Aktiengesellschaft („BMW“) og hið þýska SIXT Aktiengesellschaft („SIXT“), öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu DriveNow GmbH & Co. KG („DriveNow“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - BMW: framleiðsla bifreiða um heim allan, umsjón með bifreiðaflota fyrirtækja
  - SIXT: skammtíma- og langtímaleiga bifreiða, útleiga atvinnubifreiða
  - DriveNow: samnýting bifreiða (skammtímaleiga bifreiða)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 129, 30. apríl 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6148 – BMW/SIXT/DriveNow JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6163 – AXA/Permira/Opodo/GO Voyages/eDreams)**

2011/EES/25/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. apríl 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið AXA Investment Managers Private Equity Europe („AXA PE“), sem tilheyrir frönsku samsteypunni AXA, og Permira Holdings Limited („Permira“) frá Guernsey, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í breska fyrirtækinu Opodo Limited („Opodo“), frönsku samsteypunni GO Voyages („GO Voyages“) og spænsku samsteypunni eDreams („eDreams“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Permira: fyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum félögum og ræður m.a. yfir eDreams
  - AXA PE: fyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum félögum og ræður m.a. yfir GO Voyages
  - Opodo, GO Voyages og eDreams: ferðaskrifstofufurekstur
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 129, 30. apríl 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6163 – AXA/Permira/Opodo/GO Voyages/eDreams, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2011/EES/25/06****(mál COMP/M.6203 – Western Digital Ireland, Ltd/Viviti Technologies Ltd)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. apríl 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Western Digital Corporation („WD“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækinu Viviti Technologies Ltd (dótturfélags í einkaeigu Hitachi, Ltd og hét áður Hitachi Global Storage Technologies Holdings Ltd. „HGST“) frá Singapúr.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - WD: þróun, hönnun, framleiðsla og sala á harðdiskadrifum, SSD-drifum (solid state drives) og margmiðlunarspilurum
  - HGST: þróun, hönnun, framleiðsla og sala á stafrænum geymslubúnaði, m.a. harðdiskadrifum og SSD-drifum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 133, 4. maí 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6203 – Western Digital Ireland, Ltd/Viviti Technologies Ltd, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6209 – PAI/Kiloutou)**

2011/EES/25/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. apríl 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið PAI Partners S.A.S. („PAI“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í franska fyrirtækinu Kiloutou S.A. („Kiloutou“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - PAI: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum
  - Kiloutou: tækjaleiga
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 135, 5. maí 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6209 – PAI/Kiloutou, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6214 – Seagate Technology/The HDD Business of Samsung Electronics)**

2011/EES/25/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. apríl 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem írski fyrirtækið Seagate Technology Public Limited Company („Seagate“) öðlast með eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í harðdiskadrifsdeild suður-kóereska fyrirtækisins Samsung Electronics Co., Ltd. („the Samsung HDD business“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Seagate: þróun, hönnun, framleiðsla og sala á geymslubúnaði fyrir tölvur, einkum harðdiskadrifum sem seld eru til nota í farsimum, fyrirtækja- og einkatölvum, svo og í almennum raftækjum
  - the Samsung HDD Business: þróun, hönnun, framleiðsla og sala á harðdiskadrifum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 135, 5. maí 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6214 – Seagate Technology/The HDD Business of Samsung Electronics, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2011/EES/25/09****(mál COMP/M.6215 – Sun Capital/Polestar UK Print Limited)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. apríl 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Sun Capital Partners, Inc („Sun Capital“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í breska fyrirtækinu Polestar UK Print Limited („Polestar“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Sun Capital: umsýsla með fjárfestingarsjóðum sem fjárfesta í óskráðum félögum og hafa fjárfest í félögum með margvíslega starfsemi um heim allan
  - Polestar: prentun og tengd þjónusta
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 133, 4. maí 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6215 – Sun Capital/Polestar UK Print Limited, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2011/EES/25/10****(mál COMP/M.6219 – Advent International Corporation/Provimi Pet Food Business)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. apríl 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem tilteknir sjóðir, sem lúta yfirráðum bandaríska fyrirtækisins Advent International Corporation („Advent“), öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hlutum franska fyrirtækisins Provimi S.A., nánar tiltekið hinu franska Provimi Pet Food France S.A.S. og hinu hollenska Provimi Pet Food NL B.V., ásamt dótturfélögum þess, hinum ungversku Pet Hungaria Kft, og Provimi Pet Food Pr Ltd, hinu tékkneska Provimi Pet Food CZ s.r.o., hinu slóvakíska Provimi Pet Food SK s.r.o. og hinu pólska Provimi Pet Food PL SP Z.o.o. (einu nafni „Provimi“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Advent: alþjóðleg samsteypa fyrirtækja sem fjárfesta í óskráðum félögum
  - Provimi: framleiðir gæludýrafóður undir eigin vörumerkjum, m.a. þurrmat og blautan mat og snarl fyrir ketti og hunda á Evrópumarkaði
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 131, 3. maí 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6219 – Advent International Corporation/Provimi Pet Food Business, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/11**  
**(mál COMP/M.5927 – BASF/Cognis)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 30. nóvember 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5927. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/12**  
**(mál COMP/M.6059 – Norbert Dentressangle/Laxey Logistics)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 21. mars 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32011M6059. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/13**  
**(mál COMP/M.6083 – Fiat/GM/VM Motori JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 29. mars 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32011M6083. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/14**  
**(mál COMP/M.6085 – Costa Crociere/Alpitour/Welcome JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 18. apríl 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32011M6085. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.



**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/15**  
**(mál COMP/M.6112 – Good Energies/NEIF/NewCo)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 13. apríl 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32011M6112. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/16**  
**(mál COMP/M.6119 – Arla/Hansa)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 1. apríl 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32011M6119. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/17**  
**(mál COMP/M.6128 – Blackstone/Mivisa)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 25. mars 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32011M6128. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/18**  
**(mál COMP/M.6144 – Giesecke & Devrient/Wincor Nixdorf International/BEB  
Industrie-Elektronik)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 19. apríl 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32011M6144. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/19**  
**(mál COMP/M.6159 – Warburg Pincus/Vestar/Triton Container International)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 15. apríl 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32011M6159. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/20**  
**(mál COMP/M.6161 – Clariant/Süd-Chemie)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 8. apríl 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32011M6161. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/21**  
**(mál COMP/M.6174 – Atlas/Sunlight/Advanced Lithium Systems Europe JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 18. apríl 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6174. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/22**  
**(mál COMP/M.6182 – MAN/MAN Camions et Bus/MAN Truck & Bus Belgium)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 15. apríl 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6182. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/25/23**  
**(mál COMP/M.6202 – Samsung LED/Sumitomo Chemical/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 13. apríl 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32011M6202. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í** **2011/EES/25/24**  
**tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir**  
**27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. maí 2011**

*(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1))*

